



Parkour Ísland stóð fyrir samkomu á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi í gær þar sem viðstaddir parkour-snillingar flugu um torgið á bæði höndum og fótum á sem frumlegastan máta. Parkour-æðið naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum og enn eru þeir til sem stunda þessa skrautlegu jaðariþrótt. Þessir ungu menn sýndu glæsileg tilþrif í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Erlend skip á ferð án vitneskju LHG

Dæmi eru um að tíu erlend skip athafni sig í íslenskrri lögsögu án þess að Landhelgisgæslan viti um það og komi nokkrum vörnum við. Þjóðaröryggisráð hefur fengið skýrslu um stöðuna. Þar segir að Landhelgisgæslan geti ekki sinnt skuldbindingum sínum.

ÞJÓÐARÖRYGGI Dæmi eru um að óþekkt skip athafni sig í íslenskrri lögsögu án þess að Landhelgisgæslan viti af því og geti aðhafst vegna þessa. Landhelgisgæslan getur ekki starfað samkvæmt lögum eða sinnt alþjóðlegum skuldbindingum. Þeir sem hafi áhuga á að því að gæslan geti ekki sinnt skyldum sínum viti það.

Þessar upplýsingar er að finna í skýrslu um LHG sem lögð hefur

Þetta hefur öllum verið ljóst sem vilja vita.

Auðunn Kristinsson, verkefnastjóri hjá Landhelgisgæslunni



verið fram í þjóðaröryggisráði Íslands. „Landhelgisgæslan hefur undanfarið fundið fyrir takmarkaðri eftirlitsgetu á íslenskum hafsvæðum. Atvik hafa reglulega átt sér stað sem hefði mátt afstýra eða í það minnsta hefðu krafist nánari skoðunar,“ segir í skýrslunni.

Þjóðaröryggisráð hefur upp á síðkastið haldið fimm fundi og meðal annars rætt málefni LHG. Skýrslan sýnir að hún er ekki á nokkurn hátt

mannskap eða tækjum búin til að takast á við það erfiða verkefni að sinna ein vörnum landsins.

„Þetta hefur öllum verið ljóst sem vilja vita,“ segir Auðunn Kristinsson, verkefnastjóri hjá aðgerðasviði Landhelgisgæslunnar. „Landhelgisgæslan vill starfa í samræmi við lög. Við vonum bara að þjóðaröryggisráð fari vandlega yfir skýrsluna og framkvæmi í samræmi við innihald hennar.“

Nefnd eru dæmi um gervitunglamyndir sem teknar voru í lok október. Þar sjást tíu óþekkt endurvörp suðaustur af landinu á myndsvæði sem er um einn fimmtí af efnahagslögsögunni. Miðað við upplausn gervitunglamynda var hægt að staðfesta að um skip væri að ræða. Þessi skip voru ekki sjáanleg í ferilvöktun og athafnir þeirra í íslenskrri lögsögu þar af leiðandi óþekktar. - sa / sjá síðu 4

Rannsaka meint mansal og vændi

LÖGREGLUMÁL Skemmtistaðurinn Shooters er einn þeirra stada þar sem lögregla gerði húslit í umfangsmiklum aðgerðum sínum að morgni laugardags. Farið var í átta húslitir og tíu manns yfirheyrðir í þágu rannsóknarinnar.

Rannsóknin er unnin í samstarfi við Skattrannsóknarstjóra og beinist að skipulagðri brotastarfsemi samkvæmt tilkynningu lögreglu, sem verst að öðru leyti allra fréttu. Samkvæmt heimildum blaðsins lýtur rannsóknin að skattalagabrotum, ætluðu mansali og milli-göngu um vændi.

Shooters er í eigu Kristjáns Georgs Jósteinssonar sem er einn þriggja ákærðra í innherjasvikamáli Icelandair. - aa

Fréttablaðið í dag



Halldór

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson um réttarrákið. **9**

SPORT Guðni var endurkjörinn formaður KSÍ. **18**

MENNING Í Listasafni Íslands var nýlega opnuð sýningin Beirút **18**

LÍFID Pálína Axelsdóttir vekur athygli á Instagram. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• 112 DAGURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Tales from Iceland

2018 TRAVELLERS' CHOICE

tripadvisor

BESTA SAFN ÍSLANDS

SKV. TRIPADVISOR.COM

AUSTURBÆR

Betolvex B-12

Betolvex 1 mg cyanocobalamin.

Fæst án lyfseðils

Actavis

Öskudagsbúningar!

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



SA 13-20 m/s um landið sunnanvert með snjókomu og slyddu og síðar rigningu en austan 8-15 og snjócoma með köflum um landið norðanvert. **SJÁ SÍÐU 16**

Varaþingmaður Pírata hellti sér yfir blaðakonu

SAMFÉLAG „Ég sagðist fyrirrita hana fyrir að vinna hjá Birni Inga Hrafnssyni,“ segir Snæbjörn Brynjarsson, varaþingmaður Pírata, um svívirðingar sem hann jóf yfir Ernu Yri Öldudóttur, blaðamann hjá Viljanum og fyrrverandi formann framkvæmdarás Pírata, á Kaffibarnum aðfaranótt laugardags.

„Þetta var mjög óþægilegt og ógnandi,“ segir Erna Yr og fullyrðir að Snæbjörn hafi lýst því yfir að hann hataði hana og sagst vilja berja hana, þar sem hún stóð á spjalli við tvo menn á reykingasvæði Kaffibarsins. Þetta upphlaup hafi komið henni verulega á óvart enda þekki hún Snæbjörn ekki persónulega og hafi aldrei talað við hann fyrir.

Þetta var mjög óþægilegt og ógnandi.

Erna Yr Öldudóttir blaðamaður



Erna segir að í ljósi umræðu í samfélaginu um háttsemi þingmanna, finnst henni þessi framkoma varaþingmannsins eiga erindi við almenning.

Fréttablaðið ræddi við annan mannanna sem urðu vitni að atvikinu og er kunnugur Snæbjörn. Hann staðfestir að Snæbjörn hafi lýst fyrirritningu sinni á Ernu, verið mikið niðri fyrir en segir hann ekki hafa hótad henni ofbeldi.

„Ég myndi aldrei hótá blaðamanni, en ég skulda henni samt afsökunarbeiðni fyrir að vera að segja sköndu mína á Birni Inga. Maður á ekki að vera með leiðindi við fólk í glasi,“ segir Snæbjörn.

– smj

Tæknitröll framtíðarinnar



Tæknisérfræðingar framtíðarinnar stigu hugsanlega margir sín fyrstu skref á UTmessunni sem haldin var í Hörpu um helgina. UTmessan hefur verið haldin árlega frá árinu 2011. Tilgangur hennar er að sýna almenningi hversu umfangsmikill tölvugeirinn er orðinn hér á landi. Einbeitingin skein úr augum þessara ungu manna þegar þeir spreyttu sig þessu tækniundri sem svaraði skipunum sem gefnar voru úr síma. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Braut í tvígang gegn fyrrverandi

DÓMSMÁL Karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness í upphafi mánaðar dæmdur í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að þvinga fyrrverandi kærustu sína í tvígang til samræðis. Brotið átti sér í stað í janúar 2015.

Fólkið átti í sambandi sem lauk um þremur árum fyrir brotið. Höfðu þau ákveðið að hittast á ný. Varð það úr og það kvöld sváfu þau saman áður en þau fóru út á lifið. Þegar þau komu þaðan sváfu þau saman á nýjan leik en eftir það vildi brotapolí fara að sofa. Hinn sakfelldi var á öðru máli og fékk sínu framgengt í tvígang.

Að mati dómara málsins benti framburður konunnar, áverkar á henni við komu á neyðarmóttöku svo og smáskilaboð frá manningum til þess að ákæran væri sannleikanum samkvæm. Var maðurinn því sakfelldur. Þá var maðurinn dæmdur til að greiða brotþola 1,2 milljónir í miskabætur. – jóe

Yrðu bestu lög í heimi

Kynjafræðingur bindur miklar vonir við fyrirhugaða réttarbót fyrir trans- og intersexfólk. Tryggja á rétt til að breyta skráningu kyns og skrá hlutlaust kyn.

SAMFÉLAG „Þessi löggjöf yrði veigamesta breyting sem orðið hefur á réttarstöðu trans- og intersexfólks á Íslandi og myndi verða sú fremsta í heimi ef hún yrði að veruleika í sinni viðustu mynd,“ segir Ugly Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir kynjafræðingur um frumvarpsdrög Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um kynrænt sjálfræði.

Markmið frumvarpsins er að festa í lögum rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt sjálfir og tryggja með því að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Meðal réttinda sem það kveður á um er réttur einstaklinga til að ákveða sjálfir hvernig kyn þeirra er skilgreint í þjóðskrá, réttur frá 15 ára aldri til að breyta þeirri skráningu auk nafnbreytingar við sama tækifæri. Slíkan rétt getur hver einstaklingur þó einungis nýtt einu sinni samkvæmt frumvarpinu, nema sérstaklega standi á.

Þá er lagt til að einstaklingum verði einnig tryggður réttur til að hafa hlutlausa kynskráningu. Heimild til skráningar með þessum hætti felur í sér viðurkenningu á því að það falli ekki allir undir tvískiptinguna í kven- og karlkyn og heimildin mun fela í sér að fólk verði ekki lengur þvingað til að undirgangast þessa skiptingu heldur verði gert ráð fyrir þriðja möguleikanum, hlutlausri skráningu kyns; eins og það er orðað í frumvarpsdrögnum. Samkvæmt frumvarpinu verður kynlaus skráning í vegabréfum táknuð með bókstafnum X, eins og tíðkast hefur erlendis.

Ugly vekur einnig athygli á bráðabirgðaaðkvæði í frumvarpinu um skipun starfshóps sem gera á tillögur um þjónustu við börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og segir mikilvægt að börnum verði tryggð vernd gegn inngripum í kyneinkenni þeirra.

Ugly hefur tekið þátt í undir-



Ugly Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir er kynjafræðingur og baráttuaxl í mannréttindabaráttu trans- og intersexfólks á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýmæli í frumvarpinu

- Réttur til að ráða skráningu kyns í þjóðskrá.
- Réttur 15 ára og eldri til að breyta skráningu kyns.
- Réttur til að vera skráður af hlutlausu kyni.
- Þjónusta sérfræðingateymis Landspítala lögfest.
- Lögfesting þátttöku Sjúkra-trygginga Íslands í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Þessi útkoma er ekki eitthvað sem okkur datt í hug í fyrradag-heldur hefur tekið mörg ár að safna saman þekkingu.

Ugly Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir kynjafræðingur

datt í hug í fyrradag heldur hefur tekið mörg ár að safna saman þekkingu og reynslu sem skilar okkur þessari niðurstöðu,“ segir Ugly og bindur vonir við að ekki verði hróflað við þeim réttindum sem því er ætlað að tryggja þegar frumvarpið fer til meðferðar á Alþingi. „Við væntum þess að þingið skilji mikilvægi þess að við, trans og intersexfólk, fáum að stjórna ferðinni og hlustað sé á okkar þarfir, verði gerðar breytingar á frumvarpinu,“ segir Ugly.

adalheidur@frettabladid.is

DAKIN FLATHERS

Bandsagarblöð í miklu úrvali

Skerping ehf.

Smíðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 **Gul Gata**
skerpingehf.is þjónusta við tré- og málmiðnað í 36 ár



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

LEXUS RX – FÁGUN OG FEGURÐ AÐ UTAN SEM INNAN



HYBRID

ハイブリッド

Í Lexus RX 450h sportjeppanum hefur verið hugsað fyrir öllu. Línurnar eru djarfar og áberandi og fágað rýmið fullkomnar upplifunina. Hönnun og frágangur byggður á Takumi-hugmyndafræðinni setur ný viðmið fyrir sportjeppa í hæsta gæðaflokki.

RX 450H – SPORTJEPPI

FRÁ 11.300.000 KR.



Lexus-Ísland – Kaupúni 6, Garðabæ – lexus.is

 **LEXUS**
EXPERIENCE AMAZING

Launahækkun bankastjóra óskynsamleg og óverjandi ákvörðun

KJARAMÁL Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, gagnrýnir harðlega þá ákvörðun bankaráðs Landsbankans að hækka laun bankastjóra síns verulega í tvígang með stuttu millibili, líkt og Fréttablaðið greindi frá um helgina. Sakar hann bankaráðið um taktleysi.

„Fréttir sem berast af launahækkun bankastjóra Landsbankans eru

slæmar,“ segir Halldór Benjamín.

„Að þetta gerist hjá banka í eigu ríkisins gengur þvert á vilja eiganda bankans og er í senn óskynsamleg og óverjandi ákvörðun að mínu mati. Hækkunartakturinn stenst enga skoðun eða viðmið á vinnumarkaði. Til allrar hamingju er þetta undantekning frekar en regla hjá stærstu fyrirtækjum landsins. Það gerir hins vegar hvorki lítið úr alvarleika máls-



Haldór Benjamín Þorbergsson.

ins né þeim dómgreindarbresti sem birtist í þessari ákvörðun.“

Fréttir af hækkun mánaðarlauna bankastjórans um 1,2 milljónir 1.

júlí 2017 og aftur um 550 þúsund í apríl 2018 koma á versta tíma inn í viðkvæmar kjaraviðræður. Verkalýðsförystan hefur enda gagnrýnt hana harkalega um helgina. Halldór segir að launahækkunina þó ekki skapa svigrúm.

„Svigrúm fyrirtækja til að hækka laun á almennum vinnumarkaði ræðst auðvitað ekki af ákvörðunum um laun landsbankastjóra sem SA

hefur enga aðkomu að. Langflest fyrirtæki á Íslandi eru lítil og meðalstór og aðstæður hafa farið versnandi í hagkerfinu. Efnahagssuppsveiflunni er lokið og kjarasamningar verða að taka mið af þeirri efnahagslegu staðreynd. SA hafa á undanförunum árum hvatt til þess að launahækkunar stjórnað væru í takti við aðrar hækkningar sem almennt hafa verið.“ – smj



Hinir ákærðu gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjaness. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tveir una dómi í bitcoin-máli

DÓMSMÁL Ívar Gylfason, fyrrverandi starfsmaður Öryggismiðstöðvarinnar, ætlar að una dómi Héraðsdóms Reykjaness í bitcoin-málinu en hann var dæmdur í fimmtán mánaða skilorðsbundið fangelsi í héraðsdómi Reykjaness fyrir hlutdeild í þjófnaðarbroti með upplýsingagjöf til hinna dómfelldu um gagnaver Advania í Reykjanessbæ. Kjartan Sveinsson, sem fékk líka skilorðsbundinn dóm, mun einnig una héraðsdómi.

Aðrir dómfelldu, Sindri Þór Stefánsson, bræðurnir Matthías Jón og Pétur Stanislav Karlssynir, Hafþór Logi Hlynsson og Viktor Ingi Jónsson, hafa ákveðið að afþýja til Landsréttar en þeir fengu allir óskilorðsbundna dóma. Þyngsta dóminn fékk Sindri Þór, fjögurra og hálfars fangelsi. Það er þyngsti dómur sem fallið hefur á Íslandi fyrir þjófnaðarbrot frá því vandarhögg voru numin úr hegningarlögum. – aa

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Gæslan á langt í land með að geta sinnt skyldum sínum

Skýrsla um eftirlitshlutverk Landhelgisgæslunnar sem lögð hefur verið fyrir þjóðaröryggisráð varpar ljósi á slæma stöðu gæslunnar. Óþekkt skip fá að athafna sig í íslenskri lögsögu án þess að gæslan hafi hugmynd um það. Atvik sem hefði mátt afstýra sögð hafa komið reglulega upp segir í skýrslunni.

ÞJÓÐARÖRYGGI Landhelgisgæslan hefur ekki getu til að sinna lögbundnu hlutverki sínu gagnvart íslenskum lögum né uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Á þetta varpar ljósi skýrsla um greiningu á eftirlits- og viðbragðsgetu gæslunnar sem hefur verið tekin fyrir í þjóðaröryggisráði Íslands.

Þjóðaröryggisráð hefur upp á síðkastið haldið fimm fundi og meðal annars rætt málefni Landhelgisgæslunnar. Skýrslan sýnir að hún er ekki á nokkurn hátt mannskap eða tækjum búin til að takast á við það erfiða verkefni að sinna ein vörnum landsins.

Nefnd eru dæmi um gervitunglamyndir sem teknar voru í lok október. Þar sjást tíu óþekkt endurvörp suðaustur af landinu á myndsvæði sem er um einn fimmti af efnahagslögsögunni. Miðað við upplausn gervitunglamynda var hægt að staðfesta að tvö þeirra væru skip og miklar líkur á að hin átta endurvörpin hafi einnig verið skip. Þessi skip voru ekki sjáanleg í ferilvöktun og athafnir þeirra í íslenskri lögsögu þar af leiðandi óþekktar. Gæslan gat ekki sent TF-SIF á svæðið til frekari rannsóknar þar sem flugvélin var við verkefni erlendis.

Í skýrslunni er talið upp þrennt sem þyrfti að koma til svo að gæslan gæti sinnt skuldbindingum sínum. Fyrir það fyrsta er talið að flugvélin TF-SIF þurfi að vera á landinu allt árið og að bæta þurfi á hana einni áhöfn. Hingað til hefur vélin verið leigð út hálf árið vegna fjáskorts.

Einnig er talið upp að bæta þurfi tveimur þyrluáhöfnum við, svo að tvær þyrlur séu til taks hverju sinni



Dæmi eru um að tíu óþekkt endurvörp hafi sést á gervitunglamyndum í lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Skýrslan sýnir að gæslan er ófær um að sinna vörnum landsins ein síns liðs.

og að uppfæra þurfi varðskipið Ægi eða hefja smíði nýs varðskips svo tryggt sé að tvö skip geti verið á sjó hverju sinni. Auk þess þurfi að bæta við áhöfnum.

Þetta séu einungis lágmarksvið-

bætur sem þurfi til að gæslan geti unnið samkvæmt lögum og erlendum skuldbindingum.

Í skýrslunni er dregin upp dökk mynd af stöðunni. „Á íslenskum hafsvæðum geta sjófarendur athafnað sig í lengri tíma án vitneskju Landhelgisgæslunnar. Þeir sem hafa áhuga á því, vita þetta,“ segir í skýrslunni. „Landhelgisgæslan hefur undanfarið fundið fyrir takmarkaðri eftirlitsgetu á

íslenskum hafsvæðum. Atvik hafa reglulega átt sér stað sem hefði mátt afstýra eða í það minnsta hefðu krafist nánari skoðunar.“

Í þjóðaröryggisráði sitja forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðherra auk ráðuneytisstjóra ráðuneytanna, einn fulltrúi Landsbjargar, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslunnar og tveir þingmenn skipaðir af Alþingi. sveinn@frettabladid.is



ALLAR ALMENNAR BIFREIÐAVIDGERÐIR OG SMURPJÓNUSTA

Ís-Band rekur fullkomið bifreiða- og þjónustuverkstæði, ásamt varahlutabjónustu.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Jeep og RAM).

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir
í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

JEPPADAGAR

BNB



Toyota C-HR C-ENTER
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 1/17 ekinn 23.000 km
Verð 3.840.000,- Rn. 992616
Betra verð 2.990.000,-
41.073,- á mánuði miðað við
448.500 kr. útborgun
ÁHK 9,29%*

BNB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 4/17 ekinn 85.000 km
Verð 7.850.000,- Rn. 992919
Betra verð 6.980.000,-
88.148,- á mánuði miðað við
1.500.000 kr. útborgun
ÁHK 9,15%*

BNB



Lexus NX300h EXE Hybrid
Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 10/17 ekinn 20.000 km
Verð 7.990.000,- Rn. 992563
Betra verð 6.990.000,-
88.308,- á mánuði miðað við
1.500.000 kr. útborgun
ÁHK 9,15%*

BNB



Toyota RAV4 GX
Dísel, beinsk.
Á götuna 7/17 ekinn 31.000 km
Verð 4.190.000,- Rn. 992487
Betra verð 3.650.000,-
50.060,- á mánuði miðað við
547.500 kr. útborgun
ÁHK 9,24%*

BNB



Toyota RAV4 GX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 3/18 ekinn 44.000 km
Verð 5.050.000,- Rn. 992829
Betra verð 4.480.000,-
61.362,- á mánuði miðað við
672.000 kr. útborgun
ÁHK 9,2%*

BNB



Toyota RAV4 GX
Bensín, beinsk.
Á götuna 4/18 ekinn 39.000 km
Verð 4.850.000,- Rn. 992858
Betra verð 4.170.000,-
57.141,- á mánuði miðað við
625.500 kr. útborgun
ÁHK 9,22%*

BNB



Toyota RAV4 VX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 12/17 ekinn 35.000 km
Verð 5.700.000,- Rn. 992706
Betra verð 4.890.000,-
66.945,- á mánuði miðað við
733.500 kr. útborgun
ÁHK 9,19%*

BNB



Lexus RX450h EXE Hybrid
Bensín/rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 12/15 ekinn 26.000 km
Verð 7.850.000,- Rn. 992886
Betra verð 6.890.000,-
88.438,- á mánuði miðað við
2.000.000 kr. útborgun
ÁHK 9,25%*

Jeppadagar

Nú er frábært tækifæri til að tryggja sér betri notaðan jeppa á betra verði. Hann hefur staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og er í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örug og áhyggjulaus bílaviðskipti.

* Í mánaðargreiðslu við hvern auglýstan bíl er miðað við lán í 84 mánuði og 50% afslátt af lántökugjöldum frá Ergo. ÁHK er árleg hlutfallstala kostnaðar. Skilyrði er gert um kaskótryggingu ökutækis.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570 5070

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00

Laugardaga:
12.00 - 16.00

toyotakaupuni.is

BNB

Betri notaðir
bílar

UB

Umboðs
bílar

ergo

VERIÐ VELKOMIN Í KAUPÚN
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI YKKUR

Kynferðisbrotakrísa í Síerra Leóne

SIERRA LEÓNE Julius Maada Bio, forseti Síerra Leóne, lýsti í gær yfir neyðarástandi í landinu vegna kynferðisofbeldisfaraldurs. BBC greindi frá þessu en almenningur í Afríkuríkinu er í losti og hefur kallað eftir róttækum aðgerðum undanfarna daga.

Á blaðamannafundi í Freetown hlýddi forsetinn á þolanda kynferðisofbeldis lýsa reynslu sinni. Að ræðu lokinni lýsti hann því yfir að neyðarástandi yrði komið

á. „Þegar í stað verður viðurlögum við barnaniði breytt þannig að lífs-tíðarfangelsi er við slíktum brotum,“ sagði Bio og bætti því við að sérstök deild lögreglu yrði stofnuð til þess að rannsaka kynferðisofbeldi sem og nýr dómstóll sem ætti að geta afgreitt slík mál með hraði.

Kærð kynferðisofbeldismál voru tvöfalt fleiri í Síerra Leóne á síðasta ári en árið 2017. Samkvæmt BBC hefur reiði almennings aukist með hverju broti. Eitt alvarlegasta

málið, og það sem fékk einna mesta umfjöllun, snerist um fimm ára stúlku sem lamaðist eftir meint kynferðisbrot frænda síns.

Aðgerðasinnar í landinu benda á að afar lítill hluti brota sé kærður til lögreglu og að í enn færri málum sé ákært. Þá sé þeirri refsingu sem mælt er með, fimm til fimmtán ára fangelsi, sjaldan beitt. Til að mynda fékk 56 ára maður sem nauðgaði sex ára stúlku einungis eins árs fangelsisdóm á síðasta ári. – þea



Julius Maada Bio, forseti Síerra Leóne. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Formaður VR bjartsýnni

KJARAMÁL Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að það sé hagur allra, ekki síst ríkisins að gera kerfisbreytingar og skapa stöðugleika. Hann kallar eftir því að samið verði til lengri tíma en áður.

„Þetta verkefni er leysanlegt. Við erum í dauðafæri á því að koma í framkvæmd raunverulegum kerfisbreytingum og lífskjarabótum til lengri tíma,“ segir Ragnar í samtali við Fréttablaðið. Verkalýðsforystan, sem á nú í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins, hefur einnig dregið ríkið inn í samtalið, enda snúa margar af kröfum verkalýðshreyfingarinnar að breytingum hjá hinu opinbera.

Ragnar Þór segir, spurður um stöðu kjaraviðræðna, að við stjórnvöld sé verkalýðsforystan nú að ræða mál sem skipti hagsmunum almennings gífurlegu máli. Hann nefnir þar sem dæmi rýmri heimildir til ráðstöfunar séreignarsparnaðar vegna kaupa á fasteign. Og hann er nokkuð bjartsýnn á stöðuna.

„Maður er farinn að sjá til lands í nokkrum málum.“

Ítarlegra viðtal má lesa á frettabladid.is. – bg

Afkoma einkaréttar ekki í samræmi við pósthjónustulög

Texta um að gjaldskrá einkaréttar sé í samræmi við lög um pósthjónustu er ekki að finna í nýjstu yfirlitum um bókhaldslegan aðskilnað Póstsins.

SAMKEPPNI Nýbirt yfirlit Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um bókhaldslegan aðskilnað Íslandspósts ohf. (ÍSP) fyrir árið 2017 vekur spurningar um hvort verðgrundvöllur gjaldskrár innan einkaréttar hafi verið í samræmi við það sem áskilið er í lögum um pósthjónustu. Gjaldskrá einkaréttar er háð samþykki PFS. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðið (SRN) sendi í upphafi desember PFS bréf þar sem óskað er skýringa á því hvernig eftirliti stofnunarinnar með ÍSP hafi verið háttáð.

Samkvæmt lögum er óheimilt að niðurgreiða samkeppnisrekstur með tekjum einkaréttar nema að því marki sem nauðsynlegt er til að mæta byrði af alþjónustu.

Árið 2016 var afkoma einkaréttar jákvæð um rúmar 497 milljónir og árið 2017 jákvæð um 414 milljónir. Tap af samkeppni innan alþjónustu nam 1,5 milljörðum á sama tíma.

Athyglisvert er að í yfirliti PFS um bókhaldslega aðskilnaðinn fyrir árin 2013-2015 er að finna setninguna „Ofangreint yfirlit sýnir



Íslandspóstur hefur nýtt umframhagnað af einkarétti árin 2016 og 2017 til að mæta tapi af samkeppnisrekstri innan alþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að verðgrundvöllur einkaréttar er í samræmi við 16. gr. [pósthjónustulaga].“ Sá texti kemur hins vegar hvergi fyrir í yfirlitum árána 2016 og 2017 en hagnaður þeirra ára var margfalt meiri en árána á undan. Fjarvera textans gefur tilefni til að velta upp þeirri spurningu hvort verðgrundvöllur árána tveggja hafi verið í andstöðu við löginn og þá hvort notendur pósthjónustu hafi verið ofrukkaðir á tímabilinu.

Við þetta bætist sú staðreynd að í gjaldskrárákvörðun PFS frá nóvember 2018, þar sem því var hafnað að hækka gjaldskrá einkaréttar frekar, segir að PFS hafi íhugað að afturkalla fyrri ákvörðun sína eftir að afkoma einkaréttar árið 2016 lá fyrir.

Samkvæmt lögum um PFS ber stofnuninni meðal annars skylda til að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu póstrekennda og að fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir og ákvarðanir sem um störf þeirra gilda. Í bréfi SRN til PFS, frá í byrjun desember, er kallað eftir upplýsingum um hvernig þessu eftirliti hefur verið háttáð.

„Með vísan til þess að upplýsingar hafa komið fram um bága fjárhagsstöðu ÍSP sem er alþjónustuveitandi hér á landi er þess farið á leit að stofnunin upplýsi raðuneytið um það hvernig eftirliti með fjárhagsstöðu fjarskiptafyrirtækja og póstrekennda á íslenskum markaði hefur verið háttáð undanfarnir fimm ár,“ segir í bréfinu. joli@frettabladid.is

ENDURNÝJADU TENGLIN MEÐ KODIAQ OG KAROQ.

5
LEMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU



ŠKODA

KODIAQ OG KAROQ. FYRIR FÓLKIÐ ÞITT OG NÁTTÚRUNA.

Það er mikilvægt að vera í góðum tengslum við fólk þitt og náttúruna. Hvort sem þú velur margverðlaunaðan KODIAQ eða glænýjan og snjallan KAROQ gerir þú hvort tveggja. Komdu og prófaðu jeppabræðurna frá ŠKODA. Hlökkum til að sjá þig!

ŠKODA KODIAQ 4x4 frá:
5.790.000 kr.

ŠKODA KAROQ frá:
4.690.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

SÍÐASTI DAGURINN

**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

7.-11. febrúar

Taxfree* af öllum snyrtivörum

***Taxfree jafngildir 19,36% afslætti**

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Smánarblettur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er sjálfgefið í sjálfhverfum heimi að einstaklingur sé fær um að elska náungann eins og sjálfan sig. Það má þó alltaf reyna. Víst er að flestir kjósa að koma fram við aðra eins og þeir vilja að komið sé fram við þá sjálfa. Þetta á þó ekki við um alla. Til eru þeir sem virðast alls ófærir um að setja sig í annarra spor, hugur þeirra drifur ekki svo langt og þeir miða allt fyrst og fremst út frá sjálfum sér. Þegar græðgishugsun fangar auk þess huga þeirra er ekki von á góðu. Þegar þessir einstaklingar átta sig á því að hægt er að græða heilmikið með því að auka eynd annarra þá gera þeir það blygðunarlaust.

Síðustu daga hafa fréttir af aðbúnaði rúmenskra verkamanna sem starfa fyrir íslenska starfsmannaleigu verið fyrirferðarmiklar í fréttum. Reyndar er þessi fréttaflutningur framhald af umfjöllun sem var í fréttaskýringarþættinum Kveik fyrir nokkrum mánuðum. Það vekur mjög auðveldlega upp þá spurningu af hverju ekki var brugðist við af hörku strax eftir sýningu þess þáttar. Einhverjir sofnuðu greinilega á verðinum.

Það er ljóst að á vinnumarkaði þrífast einstaklingar sem hafa komist upp með það að haga sér eins og þrælalæingendur. Þeir ráða til sín erlenda verkamenn, sópa þeim saman inn í kytrur, hirða af þeim háa húsaleigu og borga þeim laun undir lágmarkstaxta, ef þeir á annað borð hafa fyrir því að greiða þeim laun. Vart þarf að hafa mörg orð um einstaklinga sem haga sér á þennan hátt. Þeir eru einfaldlega síðleysingjar. Þessa menn á að draga fram í dagsljósið og kalla þá til ábyrgðar, það á ekki að leyfa þeim að forða sér í skjól. Mannvonska þeirra er hyljdjúp. Enginn á að fá að koma fram við aðra eins og þeir hafa komið fram við starfsmenn sína. Þeir eru að stunda glæpastarfsemi og glæpamenn eiga að gjalda fyrir glæpi sína.

Í síðuðu samfélagi á þrælalæingendur af þessu tagi ekki að líðast. Samt hefur það þrífist of lengi. Þegar upp kemst um mál af þessu tagi þá er ekki nóg að rekin séu upp undrunaróp, það þarf að bregðast við og hefja rannsókn sem á að taka stuttan tíma og skila raunverulegum aðgerðum. Það á ekki að líðast að einstaklingar sem haga sér eins og þrælalæingendur geti haldið áfram að brjóta á erlendum verkamönnum vikum og mánuðum saman eftir að framferði þeirra hefur verið dregið fram í dagsljósið. Þetta eru einstaklingar sem leggja sig sérstaklega fram við að blekkja og svikja og leika á kerfið og treysta um leið á að embættismenn sem ættu að sjá við þeim séu bæði svifaseinir og latir. Því miður virðist slíkt of oft vera raunin. Ef ekki væri fyrir framtak fjölmörg hefði lítið sem ekkert gerst í málum rúmenskra verkamannanna sem brotið var svo skelfilega á. Þeir væru enn í vonlausri stöðu með enga útgönguleið.

Fjölmargir hafa brugðist í þessu máli. Vonandi sjá þeir hinir sömu sér fært að líta í eigin barm og kannast við mistök sín. Hinn núturlegi sannleikur er sá að þrælalæingendur hefur verið látið viðgangast. Það er smánarblettur á samfélagi okkar.



Þessa menn á að draga fram í dagsljósið og kalla þá til ábyrgðar, það á ekki að leyfa þeim að forða sér í skjól.

Halldór



Frá degi til dags

Á réttri leið með Ása Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins, auk aðstoðarmanna, nýtir um þessar mundir kjördæmaviku þingsins til að ferðast um landið. Á dagskránni er að klukka um fimmtíu staði viðsvegar um landið. Þar til gerður langferðabilill er fararskjóti flokksins á ferðalaginu en ekki fylgir sögunni hvort bílstjóri fylgir bílnum eður ei. Undirritaður veit ekki hvort Ásmundur Friðriksson, þingmaður flokksins, er með meirapróf en sé það svo liggur beinast við að skella honum undir stýri. Í það minnsta meðan leiðin liggur um Suðurkjördæmi enda fáir, ef einhverjir, sem þekkja vegi þess betur.

Svarleysi

Fyrir helgi brókaði Persónuvernd Reykjavíkurborg meðal annars fyrir að veita ekki upplýsingar um alla þætti aðdraganda þess að fyrstu kjösendum, innflytjendum með kosningarétt og eldri konum var sent bréf til að minna á kosningarétt þeirra fyrir borgarstjórnarkosningarnar í fyrra. Svo virðist sem borgin sé byrjuð að nota sömu taktík á eftirlitsstofnanir og hún hefur oft gert við aðra, það er að draga það að svara í von um að obboðin gleymist. Réttara væri að svara öllu um hæl enda skilur hitt eftir þá tilfinningu að verið sé að fela einhverjar beinagrindur. joli@frettabladid.is

Styrkurinn í breyttu hagkerfi



Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Við Íslendingar höfum náð framúrskarandi árangri á undanförunum árum. Myndin er skýr þegar við horfum á skuldastöðu heimilanna, sem er betri en hún var á uppgangsrúnum fyrir fjármálahrunið, landsframleiðslu sem er sömuleiðis meiri en eins og hún gerðist best fyrir rúmum áratug, fjármálakerfið sem er heilbrigðara og sterkara, skuldir ríkisins sem hafa snarlækkað og stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum en við erum nú í fyrsta skipti á lýðveldistímum með meiri eignir en skuldir í öðrum löndum. Sennilega hefur fám dottið í hug að þetta yrði staðan áratug eftir að neyðarlögunum var komið á. Að við hefðum endurheimt allan beinan kostnað af hruninu, losað okkur við höftin og komist í þá stöðu með afnámi tolla og vörugjalda að vera eitt opnasta og frjálsasta hagkerfi heims. Við höfum notið stöðugleika í verðlagi og lægri raunvaxta húsnæðislána en áður hafa sést.

Myndin af efnahagsmálum Íslands í dag sýnir einnig afgang af viðskiptajöfnuði. Í stuttu máli má segja að okkur hafi nær alla tíð gengið treglega að skapa gjaldrystektjur fyrir því sem við höfum þurft að sækja til annarra landa. Til að tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum voru því hér áður fyrr löng haftatímabil. Gerbreytt stada birtist okkur að þessu leyti í dag.

Síðastliðinn áratug eigum við jafn mörg ár með afgang af viðskiptum við útlönd og samtals frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Með þessu hefur orðið til myndarlegur óskuldsettur gjaldeyrisforði. Auk þess að byggja gjaldeyrissköpunina á öflugum sjávarútvegi og orkufrekum iðnaði hefur ferðaþjónustan nú bæst við sem afar öflug stoð í hagkerfinu og góður vöxtur er í margvislegu rannsóknar- og þróunarstarfi, hugbúnaðargerð, lyfjaiðnaði og erfðarannsóknum svo dæmi séu nefnd.

Myndin sem við sjáum er því af nýjum efnahagslegum veruleika. Við búum við breytt, sterkara og fjölbreyttara hagkerfi sem við verðum að gefa svigrúm til að halda áfram að vaxa og dafna.



Myndin sem við sjáum er því af nýjum efnahagslegum veruleika.



Aðalfundur FEB árið 2019

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn þriðjudaginn 19. febrúar 2019 og hefst kl. 16.00 í Ásgarði, Stangarhyl 4, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2018 ásamt fjárhagsáætlun 2019
4. Kosning stjórnar
5. Afgreiðsla tillagna og erinda
6. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2019
7. Önnur mál

Fundurinn verður haldinn, sem fyrr segir, þriðjudaginn 19. febrúar og hefst kl. 16.00.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og hafa með sér félagsskirteini fyrir árið 2018.

Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Staða réttarríkisins

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Einu sinni heyrði ég í fyrirlestri greint frá niðurstöðum hollenskrar könnunar, þar sem grafið var fyrir um það með hnitmiðuðum spurningum, hvað það væri sem hefði mest áhrif á hamingju fólks. Niðurstöðurnar voru áhugaverðar. Það kom á daginn, að til dæmis það að fjölskyldan í næsta húsi væri ríkari en maður sjálfur reyndist ekki hafa mjög mikil áhrif á hamingju fólks. Að við næsta hús væri stærra pallur með stærra grilli, með sex brennurum, björkæli og pizzuofni, það skipti litlu. Fólki var hamingjusamt með sína tvo brennara úr Byko. Hitt reyndist skipta fólki miklu meira máli: Ríkir réttlæti í samfélaginu? Er hægt að treysta því að allir fáir réttlæta meðferð hjá öllum þessum aðilum í kringum mann, sem sýsla með mál manns? Á vinnumarkaði, í viðskiptum, í daglegu lífi. Það er fólki mikilvægt, samkvæmt þessu, að það sé til dæmis ekki gerður greinarmunur á Jóni og séra Jóni, að allir sitji við sama borð. Það er fólki mikilvægt að verða ekki fyrir gerræðislegri valdbeitingu, að geta búið við öryggi og vissan fyrirsjáanleika, og sanngirni, þegar kemur að alls kyns úrskurðar- og íhlutunarvaldi hinna fjölmörgu valdaaðila samfélagsins.

Dæmin mörg

Ég hef hugsað töluvert um þennan fyrirlestur síðan. Mér finnst þetta merkilegt, en líka augljóst þegar maður spáir í það. Þetta blasir samt ekki við, þegar maður hlýðir á umræðuna. Stundum, af umræðunni að dæma, virðist eins og það sé lykilatriði þegar kemur



Ég held að á Íslandi gangi vofa laus. Hún heitir óréttlæti.

að hamingju að allir séu jafnríkir. Að enginn sé ríkur, helst. En þetta er miskilningur. Fáir býsnast yfir því, held ég, að einhver lúsiðin manneskja sé rík og láta það hafa áhrif á hamingju sína. Hitt skiptir meira máli: Öðlaðist viðkomandi ríkidæmi sitt á sanngjarnan hátt? Réð kannski klikuskapur og ósanngjörn forgjöf úrslitum?

Þetta er eitt dæmi af mörgum. Ég held að fátt sé eins niðurdrepanði, og þar með áhrifavaldur þegar kemur að hamingju manns, eins og verða að vitni að óréttlæti eða verða fyrir óréttlæti, jafnvel trekk í trekk, og hvað þá að búa í samfélagi sem einkennist í mörgum meginatriðum af óréttlæti. Óréttlætið getur verið æði lúmskt, en opnast manni smám saman eftir því sem árin safnast upp og reynslan eykst. Af þessum sjónarhóli þarf að skoða Ísland. Mér finnst ég skilja betur og betur fólk sem segir á efri árum, eftir langvarandi þátttöku í samfélagsumræðu og nálægð við ákvarðanatöku og vald, að íslenskt samfélag sé ógeðslegt. Stór orð, en þau hafa jú fallið.

Tvenns konar dómstólar

Hvað er átt við? Er Ísland ekki til fyrirmyndar? Tært vatn og hreint loft. Fremst í jafnrétti. Umburðarlynd og viðsýn. Eða hvað? Jú, jú. Margt er frábært. En samt er hún svo djúp og svo yfirgripsmikil þessi reiði og óþreyja. Það þarf ekki að tala lengi um samfélagsmál

í samkvæmi á Íslandi þar til kemur að suðupunkti. Hitinn er alltaf undirliggjandi. Hverju sætir?

Ég held að meginástæða öróa á vinnumarkaði, til dæmis, og líka uppsafnaðrar reiði þegar kemur að málefnum tengdum kynferðislegri áreitni og ofbeldi, sé sú að um langt skeið hefur sú tilfinning ríkt að á Íslandi ríki ekki almennilegt réttlæti. Fólki hefur hagnast gegnum kliku, auðlindir gefnar, stórir hagsmunaaðilar ráða allt of miklu, alls konar embættismenn hafa vald í mikilvægum málefnum borgaranna en enga ábyrgð – þurfa aldrei að rökstyðja mál sitt – og borgararnir eru lítt varðir af dómstólum. Einu sinni sagði mér maður að dómstólar í löndum heimsins hefðu annaðhvort tilhneigingu til þess að draga taum borgaranna, í viðureign þeirra við hið mikla vald sem opinberar stofnanir hafa, eða draga taum stofnananna og hins opinbera, gegn borgunum, og þá væntanlega í nafni þess að ekki megi láta mannréttindi rugla bátum um of. Því miður bendir margt til þess að á Íslandi sé hið síðarnefnda raunin.

Nokkrar spurningar

Hér eru nokkrar samfélagslegar samviskuspurningar: Skiptir máli í íslensku viðskiptalífi að vera í réttu klikunni? Hafa ákvarðanir í stjórnárum fær sumum einstaklingum auð á ósanngjarnan og ógagnsæjan hátt? (Uuu já.) Lenda þegnarnir í því að vera

synjað um alls konar hluti af embættismönnum eða starfsmönnum stofnana og fá engar útskýringar eða möguleika til þess að hnekkja líku? Getur fötluð manneskja vænst þess fyrir dómstólum á Íslandi að mannréttindi hennar séu metin mikilvægari en til dæmis fjárhagslegir hagsmunir, eða aðrir hagsmunir, stofnunar sem hún berst við? Dæmin eru sláandi um hið gagnstæða. Áfram,

Freyja segi ég þó. Og að síðustu, ein góð hugleiðing í ljósi umræðunnar upp á síðkastið: Hefur einhver trú á því að mögulega einhver sem verður uppvis að því að hafa kafað á kvenfólki og abbað upp á það um áratugaskeið, jafnvel, verði nokkurn tímann dæmdur fyrir eitthvað slíkt af réttarríkinu?

Það held ég ekki. Ég held að á Íslandi gangi vofa laus. Hún heitir óréttlæti.

Valentine's Day
Every story has a bead

TRILLBEADS

THE ORIGINAL SINCE 1976

11.980 KR.

HJARTA ARMBAND
sterling silfur



14.700 KR.

ARMBAND
með ástargauki & rósakvars

Ófeigur

Ófeigur • Skólavörðustíg 5 • ofeigur.is • S: 5511161

Laumað í blaðatætarann



Egill Þór Jónsson
borgarfulltrúi
Sjálfstæðis-
flokksins



Má þannig leiða líkur að því að tillögunni hafi verið laumað í blaðatætarann í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Þegar ráðist verður í umferðarlausnir við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verður það til mikilla hagsbóta fyrir borgarbúa og aðra sem eiga leið um þessi fjölförnu gatnamót dag hvern. Alla virka daga myndast þar mikil umferðarteppa á morgnana í átt að Sæbraut og vestur í bæ með tilheyrandi töfum og umhverfismengun. Seinnipartinn er sömu sögu að segja nema í hina áttina.

Árið 2012 sömdu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu við ríkið um framkvæmdastopp á stórum og dýrum framkvæmdum í vegagerð vegna samdráttar eftir kreppuna. Þessi samningur átti að auka hlutdeild almenningssamgangna og var stórukið fjármagn sett í Strætó eða um milljarður ár hvert. Því miður gekk það verkefni ekki eins vel og vonast var eftir en öllum er ljóst að aukin hlutdeild almenningssamgangna í umferðinni er öllum vegfarendum til góds.

Í minnisblaði frá árinu 2012 sem fylgdi kynningu á samningnum um framkvæmdastoppið kemur orðrétt fram að „undantekning frá þessu eru mislægu gatnamótin við Bústaðaveg sem eru ein slysmestu gatnamótin á svæðinu, en ekki hefur náðst samkomulag um útfærslu þeirra“.

Árið 2017 var tillaga Sjálfstæðismanna samþykkt einróma í borgarstjórn um að taka upp viðræður við Vegagerðina um útfærslu gatnamótanna í því skyni að greiða fyrir umferð, draga úr mengun og auka umferðaröryggi. Engar fregnir hafa borist af framvindu þessa máls. Má þannig leiða líkur að því að tillögunni hafi verið laumað í blaðatætarann í Ráðhúsi Reykjavíkur, eða eytt af harða drifi borgarinnar.

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum



MJÓDDIN
S: 587 2123

FJÖRÐUR
S: 555 4789

augastaður

Gleraugnaverzlumín þín

Horfi bjartsýnn til næstu ára

Guðni Bergsson vann öruggan sigur í formannskjöri KSÍ um helgina en hann fékk um 80% atkvæða á ársþinginu. Þetta er viðurkenning á góðu starfi stjórnar KSÍ undanfarin tvö ár sagði formaðurinn.

FÓTBOLTI Guðni Bergsson vann afar sannfærandi sigur í formannskjöri á 73. ársþingi KSÍ sem fór fram um helgina þegar hann var endurkjörinn með rúmum 80% atkvæða. Hann mun því leiða Knattspyrnu-sambandið áfram næstu tvö árin eftir að hafa tekið við starfinu fyrir tveimur árum. Geir Þorsteinsson, heiðursformaður KSÍ og fyrrum formaður, bauð sig fram gegn Guðna og fékk tæplega 20% atkvæða en tveir auðir seðlar skiluðu sér á ársþinginu sem fór fram á laugardaginn.

Það var ljóst í aðdraganda kosninganna að meðbyrinn var með Guðna enda búinn að fá stuðningsyfirlýsingu frá forseta UEFA. Skömmu fyrir ársþingið lýstu landsliðskonurnar Dagný Brynjarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir yfir stuðningi við Guðna og stuttu síðar lýsti Hallgrímur Jónasson, sem lék á sínum tíma sextán leiki fyrir A-landsliðið, yfir stuðningi við Guðna í ljósi þess að erfiðleikar hafi verið í samskiptum við Geir þegar hann gegndi embætti formann. Þegar Fréttablaðið bar þetta undir Geir á ársþinginu var hann brattur og virtist hafa gert sér grein fyrir stöðunni í aðdraganda þingsins.

„Ég vissi alltaf að þetta yrði brekka. Síðustu vikur hafa verið erfiðar. Það hafa óvænt ummæli komið upp síðustu daga sem mér hafa þótt ósanngjörn en ég gat lítið gert í því,“ sagði Geir sem sagðist stefna að því að halda áfram að vinna við þróunarverkefni knattspyrnunnar í öðrum heimsálfum.

Guðni Bergsson sagðist í samtali við Fréttablaðið vera stoltur yfir að finna fyrir þessum stuðningi og að þetta væri viðurkenning á góðu starfi KSÍ undanfarin tvö ár.

„Það var léttir þegar þetta var í höfn. Ég var bjartsýnn á sigur enda voru sterkar vísbendingar sem bentu til þess en maður veit aldrei fyrir en talið er upp úr kössun-



Geir, Eggert og Guðni sem allir hafa gegnt starfi formanns KSÍ ræða málin á ársþingi KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þetta sterka fylgi er viðurkenning á því góða starfi sem KSÍ hefur unnið undanfarin ár og hvatning fyrir næstu ár.

Guðni Bergsson

um. Geir hefur unnið frábært starf fyrir KSÍ og hefur mikla þekkingu svo að það mátti ekki vanmeta framboð hans. Þetta sterka fylgi er viðurkenning á því góða starfi sem KSÍ hefur unnið undanfarin ár og er hvatning fyrir næstu tvö ár,“ sagði Guðni og hélt áfram:

„Ég varð hálf hræddur þegar tölurnar skiluðu sér en ég er ekki einn

í þessu. Þetta er viðurkenning á því starfi sem stjórn KSÍ hefur unnið undanfarin ár. Við höfum verið að vinna í mörgum verkefnum og það eru fleiri spennandi verkefni fram undan svo að ég horfi bjartsýnum augum til næstu ára. Knattspyrnuhreyfingin á Íslandi er á góðum stað og ég er spenntur að halda áfram þessu starfi næstu árin.“

Guðni segist skilja afstöðu Geirs sem gagnrýndi aðkomu utanaðkomandi aðila að kosningabaráttunni í viðtali sem birtist á frettabladid.is eftir kosningarnar.

„Það eru allir komnir með rödd og það er erfitt að stýra umræðunni á samfélagsmiðlunum sem ratar oft í blöðin. Það eru kostir og gallar sem fylgja þessu en það ríkir málfrelsi. Þetta var aðeins sýnilegt í aðdrag-

anda kosninganna 2017 en mun meira í dag og þetta sýnir hvað fótboltinn skiptir alla miklu máli sem er það jákvæða í þessu öllu saman.“

Heilt yfir var Guðni ánægður með ársþingið og hugmyndir sem komu upp, bæði á þinginu og á málþingi í aðdraganda ársþingsins.

„Það var ánægjulegt hvað það var mikill samhugur á þinginu. Það komu fram margar áhugaverðar tillögur um hvernig hægt væri að fara með sjóði KSÍ enda eiginfjárstaða sambandsins góð. Svo var ánægjulegt hvað allir voru samróma í því að ræða ályktunina um endurgreiðslu á hluta byggingarkostnaðar og jöfnun ferðakostnaðar. Það eru góð skref fyrir öll félög landsins og eitthvað sem þau munu njóta góðs af.“ kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Olís-deild karla



Aftureld. - Akureyri 30-22

Markahæstir: Árni Bragi Eyjólfsson 6, Júlíus Þórir Stefánsson 5, Birkir Benediktsson 4 - Ihor Kopyshynskiyi 6, Leonid Mykhailiutenko 5, Patrekur Stefánsson 3..

Grótta - KA 29-25

Markahæstir: Ásmundur Atlason 6, Magnús Óðer Einarsson 6, Ágúst Emil Grétarsson 3 - Dagur Gautason 6, Áki Egilsnes 5, Jón Heiðar Sigurðsson 4, Tarik Kasumovic 4.

Fram - Haukar 23-26

Markahæstir: Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 5, Þórir Smári Ólafsson 5, Andri Þór Helgason 5 - Atli Már Báruson 6, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 5, Daniel Ingason 4.

Stjarnan - FH 20-28

Markahæstir: Egill Magnússon 4, Aron Dagur Pálsson 4, Andri Hjartar Grétarsson 3 - Ásbjörn Friðriksson 8, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 7, Leonharð Harðarson 3.

Domino's-deild kvenna

Haukar - Snæfell 73-67

Stigahæstar: LeLe Hardy 19, Klaziena Gujit 17, Þóra Kristín Jónsdóttir 13 - Kristen Denise McCarthy 25/13 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 21, Katarina Matijevic 12..

Breiðablik - Keflavík 67-71

Stigahæstar: Sanja Orzovic 26/11 fráköst, Ragnheiður Björk Einarsdóttir 16, Ivory Crawford 15/15 - Brittany Dinkins 26/18 fráköst, Birna V algerður Benónýsdóttir 20..

Valur - Stjarnan 83-60

Stigahæstar: Helena Sverrisdóttir 20/12 stoðsendingar, Heather Butler 19, Simona Podesvova 15 - Daniella Victoria Rodriguez 27, Briet Sif Hinriksdóttir 8.

KR - Skallagrímur 80-64

Stigahæstar: Kiana Johnson 23/10 fráköst, Orla O'Reilley 22/11 fráköst - Shequila Joseph 22/13 fráköst, Brianna Banks 21.

Efri	Neðri		
KR	30	Stjarnan	22
Keflavík	30	Skallagr.	12
Valur	28	Haukar	12
Snæfell	24	Breiðablik	2

FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?

MOTION



Glæsilegur og vel útbúinn pallbill með 3.0 lítra, 258 hestafla, V6 dísilvél, 580 Nm tugi, sjálfvirkum vélarhitara, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjara að framan og aftan, regn- og birtuskynjara, Xenon/led aðalljósum og 18" álfelgum.

Volkswagen Amarok
verð frá **8.290.000 kr.**

Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

Volkswagen Crafter
verð frá **6.270.000 kr.**

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

Volkswagen Caddy
verð frá **2.720.000 kr.**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjark. Fullkomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

Volkswagen Transporter
verð frá **4.390.000 kr.**



Atvinnubílar




MEST SELDA BÓKIN!

EKKI MISSA AF ÞESSARI!



Jørn Lier Horst er ásamt Jo Nesbø vinsælasti glæpasagnahöfundur Norðmanna. Hann er margverðlaunaður og hefur meðal annars fengið Glerlykilinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna.



TILBOÐSVERÐ:

3.299.-

Fullt verð:
3.999.-

1.

Metsölulisti
Eymundsson

„Framúrskarandi.“
Crime by the Book

„Hvað eftir annað greip ég andann á lofti. Lesið sjálf til að sjá hvar! Eldraunin er fullkomin glæpasaga.“

Aftonbladet

„Lokahluti bókarinnar er rosalegur.“
Shots Magazine

#LESUMMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 14. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 26. umferðar 2018-19

Fulham - Man. United 0-3

0-1 Paul Pogba (14.), 0-2 Anthony Martial (23.), 0-3 Pogba, viti (65.).

Crystal P. - West Ham 1-1

0-1 Mark Noble, viti (27.), 1-1 Wilfried Zaha (76.).

Huddersfield - Arsenal 1-2

0-1 Alex Iwobi (16.), 0-2 Alexandre Lacazette (44.), 1-2 Sead Kolašinac, sjálfsm. (90+3.).

Liverpool - Bournem. 3-0

1-0 Sadio Mane (24.), 2-0 Gini Wijnaldum (34.), 3-0 Mohamed Salah (48.).

Southampton - Cardiff 1-2

0-1 Sol Bamba (69.), 1-1 Jack Stephens (90+1.), 1-2 Kenneth Zohore (90+3.).

Watford - Everton 1-0

1-0 Andre Gray (65.).

Rautt spjald: Kurt Zouma (90+3.).

Brighton - Burnley 1-3

0-1 Chris Wood (26.), 0-2 Wood (61.), 0-3 Ashley Barnes, viti (74.), 1-3 Shane Duffy (76.).

Tottenham - Leicester 3-1

1-0 Davidson Sanchez (33.), 2-0 Christian Eriksen (63.), 2-1 Jamie Vardy (76.), 3-1 Son Heung-Min (90+1.).

Man. City. - Chelsea 6-0

1-0 Raheem Sterling (4.), 2-0 Sergio Agüero (13.), 3-0 Agüero (19.), 4-0 Ilkay Gundogan (25.), 5-0 Agüero, viti (56.), 6-0 Sterling (80.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Man City	27	21	2	4	74-20	65
Liverpool	26	20	5	1	59-15	65
Tottenham	26	20	0	6	54-25	60
Man. Utd.	26	15	6	5	52-35	51
Arsenal	26	15	5	6	53-37	50
Chelsea	26	15	5	6	45-29	50
Wolves	25	11	5	9	33-32	38
Watford	26	10	7	9	34-34	37
Everton	27	9	6	12	36-39	33
West Ha.	26	9	6	11	32-39	33
Bournem.	26	10	3	13	37-47	33
Leicester	26	9	5	12	31-34	32
Crystal P.	26	7	6	13	27-34	27
Brighton	26	7	6	13	28-39	27
Burnley	26	7	6	13	29-47	27
Cardiff	26	7	4	15	24-47	25
Newcastle	25	6	6	13	21-33	24
Southamp.	26	5	9	12	28-44	24
Fulham	26	4	5	17	25-58	17
Huddersf.	26	2	5	19	14-48	11

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Everton
Gylfi Þór Sigurðsson
Var tekinn af velli á 74. mínútu þegar Everton tapaði fjórða leiknum í síðustu fimm umferðum.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Kom ekkert við sögu vegna meiðsla þegar Burnley vann góðan 3-1 sigur á Brighton.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Tekinn af velli á gulu spjaldi um miðbik seinni hálfleiks í dramatískum sigri.



Reading
Jón Daði Böðvarsson
Lék síðustu ellefu mínúturnar í markalausum jafntefli á útivelli.



Aston Villa
Birkir Bjarnason
Sat á bekknum þegar Aston Villa bjargaði stigi á dramatískan hátt.



Agüero skorar annað mark sitt og þriðja mark Manchester City í gær sem gerði endanlega út um leikinn. Lýsandi fyrir varnarleik Chelsea í gær er að leikmenn

Leikmenn Chelsea flengdir í

Spilamennska Chelsea gegn Manchester City á útivelli um helgina var einfaldlega hörmung. Þrátt fyrir skorað fleiri mörk gegn liði Chelsea sem missti hausinn strax á upphafsminútum leiksins. Spjótin eru

FÓTBOLTI Það er ekki hægt að segja annað en að Chelsea hafi verið niðurlægt um helgina þegar lærisveinar Maurizio Sarri voru flengdir á Etihad-vellinum í 6-0 sigri Manchester City. Þetta var þriðja tap Chelsea í röð á útivelli og það fimmta í síðustu sjö leikjum og skiljanlega komin mikil pressa á Sarri enda ekki venja hjá félaginu undanfarin ár að tapa mörgum leikjum, hvað þá að vera niðurlægt líkt og í gær.

Það verður að hrósa Manchester City fyrir sinn þátt. Eftir að hafa misstigið sig gegn Newcastle á dögnum tóku við leikir gegn Arsenal og Chelsea á heimavelli ásamt leik gegn Everton á útivelli. Þrjú leikir á einni viku þar sem ríkjandi meistarnir gátu misstigið sig en þeir stóðust þetta próf með hæstu einkunn.

Chelsea var ekkert að breyta leikplaninu þrátt fyrir að vera að fara á einn erfiðasta útivöll landsins og átti finar sóknir fyrstu mínútur leiksins en þegar fyrsta markið kom virtist hausinn alveg fara hjá gestunum. Enginn virtist vera tilbúinn að dekkja Bernardo Silva í aukaspyrnu en hann fann Raheem Sterling inni í vítateignum og þar kom Sterling heimamönnum yfir.

Sergio Agüero klúðraði dauðafæri nokkrum mínútum síðar en bætti upp fyrir það með tveimur mörkum á fimm mínútna kafla. Eftir að hafa skorað með frábæru skoti á 13. mínútu nýtti Agüero sér glóruslausan varnarleik Ross Barkley og kom City 3-0 yfir á 19. mínútu.

Stuttu síðar skoraði Ilkay Gund-

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin

Liverpool þurfti á sigri að halda eftir að hafa misstigið sig í síðustu tveimur leikjum. Örlögin eru enn í þeirra höndum eftir 3-0 sigur helgarinnar en mistakist þeim að vinna leiki virðist City vera tilbúið að refsa.



Hvað kom á óvart?

Cardiff heldur áfram að safna stigum í fallbaráttunni og vann annan leik sinn í röð á dramatískan hátt þrátt fyrir að Southampton hafi jafnað metin í uppbótartíma. Sigurmark á lokasekúndum leiksins tryggði annan sigurinn í röð í efstu deild í fyrsta sinn síðan 1962.



Mestu vonbrigðin

Brighton er í frjálsu falli þessa dagana eftir að hafa byrjað tímabilið vel og hefur sogast niður í fallbaráttuna. Heimavöllur Brighton hefur verið sterkur í gegnum tíðina en þeir töpuðu gegn Burnley um helgina og hafa aðeins fengið sex stig í síðustu ellefu leikjum í deildinni.



Leikmaður helgarinnar

Þrátt fyrir að vera kominn á fertugsaldurinn hefur Sergio Agüero ef til vill aldrei verið að leika betur en síðustu vikurnar. Argentínamaðurinn skoraði þrennu annan heimaleikinn í röð þegar Manchester City niðurlægði Chelsea á heimavelli sínum í gær og var einfaldlega óheppinn að skora ekki fleiri.

Það var ólíkt Agüero að klúðra dauðafæri á upphafsminútum leiksins, færi sem hann nýtir í 99% tilvika, en hann lét það ekki á sig fá og svaraði með stæl með því að skora þrennu ásamt því að eiga skalla í slána.

Þetta var ellefta þrennan hans í ensku úrvalsdeildinni og deilir hann því meti með Alan Shearer en það er ekki langt í að hann hrifsi það af godsögninni Shearer miðað við spilamennsku hans undanfarnar vikur.



ogan fjórða mark City og leiknum lokið. Einfaldlega spurning hversu mörg mörk heimamenn myndu skora gegn brotnu liði Chelsea.

Agüero var nálægt því að skora hina fullkomnu þrennu, sitt með hvorum fætinum og eitt með skalla en skalli hans fór í slána í upphafi seinni hálfleiks en hann bætti upp

fyrir það stuttu síðar með marki af vítapunktinum. Sterling var svo aftur á ferðinni skömmu fyrir leiklok þegar hann skoraði annað mark sitt og sjötta mark City.

Gæðamunur liðanna í gær var gríðarlegur og virðist sem 5-0 sigur Chelsea á Huddersfield á dögnum hafi aðeins hylmt yfir vandræði




MÁNUDAGUR 11. FEBRÚAR 2019

Heilsa

Vill verða atvinnumaður í frisbígolfi

Blær Örn Ásgeirsson er ungur og upprennandi frisbígolfspilari. Hann æfir folf á hverjum degi og fer sex sinnum á mót í útlöndum á þessu ári. Hann á sér þann draum að geta lifað af spilamennskunni í framtíðinni. ➔


ENZYMEDICA®

Ertu með
fæðuþol?



Blær Örn Ásgeirsson æfir frisbígolf á hverjum degi og á sína eigin körfu. Hann fer sex sinnum út á árinu til að keppa í sportinu. MYND/ERNIR

Sólveig
Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Blær er aðeins sextán ára og stundar nám í Kvennó á fyrsta ári. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann margra ára reynslu í folfíþróttinni. „Ég prófaði folf í fyrsta sinn með vini mínum á Flateyri og sagði foreldrum mínum að það hefði verið gaman. Þau gáfu mér þá startsett í 11 ára afmælisgjöf og strax helgina á eftir keppti ég á fyrsta Íslandsmótinu mínu,“ segir Blær um upphafið að folfáhuganum. Reyndar lagði hann diskana á hilluna í heilt ár eftir fyrsta mótið en tók þá síðan upp að nýju og hefur ekki lagt þá frá sér.

„Ég byrjaði að æfa af fullum krafti 2014. Þá keypti ég mér fleiri diska og ferðakörfu sem ég gat stillt upp úti og æft mig að þúttu. Í dag á ég síðan alvöru körfu sem búið er að setja upp fyrir mig úti.“

Blær segir sportið henta sér mjög vel. Hann æfði fótbolta í sjö ár en hætti því til að spila folf. „Ég var alltaf slæmur í hnjúnum í fótboltanum svo folfið á betur við mig,“ segir hann en bætir við að frisbíggolfið sé ekki hættulaust. „Maður snýr svo mikið upp á líkamann þegar maður spilar og frekar auðvelt að meiða sig. Ég hef sjálfur verið í dálitlu veseni með bakið.“

Æfir alla daga

Frisbíggolfið lá vel fyrir Blæ sem náði strax góðum tókum á því. Þrotlausar æfingar hafa síðan skilað honum á þann stað sem hann er á í dag. „Ég reyni að æfa mig á hverjum degi. Fer allavega út í garð í klukkutíma að þúttu og spila svo um helgar. Það er reyndar aðeins minni tíma til æfinga eftir að ég byrjaði í menntaskóla, en ég reyni samt að gera eitthvað á hverjum degi,“ segir Blær sem fer auk þess í ræktina til að styrkja líkamann.

Styrktur af Innova

Blær segir aðstöðu til frisbíggolfiðkunar frábæra á Íslandi. „Það er fullt af völlum á höfuðborgarsvæðinu sem eru opnir öllum og ekki þarf að borga fyrir að spila,“ segir Blær og telur lítið mál að spila allan ársins hring. „Það er reyndar dálítið erfitt í miklum snjó því þá er auðvelt að týna diskum.“ Þar talar Blær af reynslu en hann hefur týnt ófáum diskum í gegnum tíðina. „Ætli ég sé ekki búinn að týna í kringum 75 diskum í allt. En það er í lagi því ég er kominn með styrktaraðila sem lætur mig hafa fría diska.“

Blær er kominn á samning hjá Innova sem er leiðandi fyrirtæki í folfíþróttinni. Forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu tekið eftir góðum



Blær spilaði nýverið á spænska meistaramótinu og fer til Hollands um páskana. MYND/ERNIR

„Ætli ég sé ekki búinn að týna í kringum 75 diskum í allt. En það er í lagi því ég er kominn með styrktaraðila sem lætur mig hafa fría diska.“

árangri Blæs og komu að máli við hann um að hann kæmi á samning hjá þeim.

Sex sinnum til útlanda á árinu

Blær hefur tekið þátt í óteljandi mótum á Íslandi og einnig þó nokkrum mótum í útlöndum og ávallt gengið mjög vel. „Ég hef orðið Íslandsmeistari í barnaflokki en hef verið einu kasti frá sigri tvö síðustu ár.“ Fyrsta stórmótið sem hann vann var í Skotlandi fyrir tveimur árum. „Þá ætlaði ég að skrá mig í barnaflokk en það var enginn slíkur. Í staðinn skráði ég mig í fullorðinsflokk og

endaði síðan á að vinna hann.“ Blær sigraði einnig á alþjóðlegu frisbíggolfmóti í Bretlandi í fyrra, British Open 2018.

Í ár fer hann sex sinnum til útlanda að keppa. Hann er eins og stendur á Spáni að keppa á spænska meistaramótinu og um páskana verður hann í Hollandi. „Svo fer ég í tvær vikur til Skotlands, á European Open í Finnlandi og síðan keppi ég í fyrsta sinn á heimsmeistaramótinu sem verður haldið í Bandaríkjunum í ágúst,“ segir Blær sem lýkur svo þessu mikla keppnisári með því að keppa á opna bandaríska mótinu í október.

Er ekki dýrt að ferðast svona um og keppa? „Jú fokdýrt, og þar sem ég er ekki með neina styrki aðra en í fríum diskum, reyni ég að halda mót til að safna mér fyrir þessu,“ svarar hann og vonast til að geta fundið sér einhverja styrktaraðila til að létta undir með sér.

En hver er framtíðardraumurinn? „Að verða atvinnumaður í frisbíggolfi, ferðast um heiminn og keppa,“ svarar Blær og bendir á að þó nokkrir slíkir séu starfandi í heiminum. „Folfheimurinn er ennþá frekar litill miðað við stærri sport eins og golf. En þetta er ört stækkandi íþrótt sem á framtíðina fyrir sér.“



Blær mundar diskinn. MYND/BIGGI ÓMARSSON



Réttur still skiptir máli. MYND/BOGI BJARNASON



Á Íslandi er góð folfaðstaða. MYND/BOGI BJARNASON

FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út þriðjudaginn 26. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins Sími 550 5078/ serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

112

EINN EINN TVEIR

112-DAGURINN

ER HALDINN UM LAND ALLT Í DAG

MÁNUDAGUR 11. FEBRÚAR 2019



112-dagurinn – örugg heima

112-dagurinn verður haldinn um allt land í dag. Að þessu sinni er áhersla lögð á umfjöllun um öryggismál heimilisins. Stór hluti símtala í neyðarnúmerið 112 á rætur að rekja til slysa og ann-

arra áfalla á heimilum fólks. Fólk verður alvarlega veikt heima eða slasast, börn komast í lyf og önnur hættuleg efni, eldur kemur upp á heimilinu, þjófur láta greipar sópa, svo nokkur dæmi séu nefnd.

» Stór hluti símtala í neyðarnúmerið 112 á rætur að rekja til slysa og annarra áfalla á heimilum.

Hér í blaðinu bendum við á fjölmargt sem unnt er að gera til að fyrirbyggja atvik af þessu tagi og bregðast við þeim til dæmis með því að læra skyndihjálp, efla fallvarnir, auka eldvarnir og

varnir gegn innbrotum. Í miðopnu er gátlisti sem við hvetjum lesendur til að nota til að meta öryggismál heimilisins og hvað mætti betur fara. Umfram allt: Förum varlega!

Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknar-lögreglumaður segir að heimilisofbeldi sé allt of algengt á Íslandi.

→8



Elva Björnsdóttir og **Kamilla Guðmundsdóttir** starfa hjá Neyðarlínunni.

→2



Bjartmar Örn Sigurjónsson, fimm ára, bjargaði móður sinni í hennar fyrsta flogakasti.

→7



Gefandi þrátt fyrir mikið álag

Neyðarlínan er eining sem fólk almennt hugsar ekki mikið út í fyrir en það þarf að slá 112 á símann og óska eftir aðstoð. Elva Björnsdóttir og Kamilla Guðmundsdóttir starfa hjá Neyðarlínunni.

Beidnirnar sem okkur berast eru jafn misjafnar og þær eru margar og innhringjendurnir eru að sama skapi ólíkir og úr öllum stéttum samfélagsins," segir Kamilla. „Á síðasta ári komu yfir 200.000 símtöl inn til okkar og það þarf engan sérfræðing í tölfræði til þess að sjá að varðstofa Neyðarlínu, sem er mönnum með 2-4 neyðarvörðum á hverjum tíma, er yfirleitt undir miklu álagi.“

Elva tekur undir þetta. „Hjá okkur gerast hlutirnir hratt og öll tilfelli sem verða að boðun til viðbragðsaðila byrja hjá okkur.“ Hún bætir við að það geti reynst vandasamt að ná haldbærum upplýsingum frá þeim sem hringja af vettvangi. „Við þurfum að reida okkur á upplýsingar frá fólki sem er í mjög miklu áfalli, talar hvorki ensku né íslensku, er undir miklum áhrifum vímuefna eða er mjög ósamvinnuþýtt. En þrátt fyrir allt er þetta virkilega gefandi og spennandi starf.“

550 símtöl á dag

Á Neyðarlínu starfa í heildina 19 neyðarverðir. „Á venjulegum degi berast okkur um það bil 550 símtöl í Neyðarnúmerið 112 og verkefni eru afar fjölbreytt. Meginhlutverk okkar er að finna nákvæma staðsetningu, greina eðli og umfang þess sem tilkynnt er um, boða í kjölfarið viðeigandi viðbragð á staðinn og veita leiðbeiningar og aðstoð í gegnum síma eins og unnt er. Í alvarlegum málum er viðmiðið að boðun sé komin á



Elva B. Björnsdóttir aðalvarðstjóri og varðstofustjóri 112 og Kamilla Guðmundsdóttir aðstoðarvarðstjóri og í fræðsluteymi 112. MYND/STEFÁN

sjúkrabíl innan 90 sekúnda frá upphafi símtals og því reynir á að vera fljótur að hugsa, búa yfir góðri þekkingu á landinu og ná að stýra samtalinu þannig að góðar og réttar upplýsingar náist sem fyrst," segir Kamilla.

Elva segir afskaplega persónubundið hvaða símtöl taka mest á. „En heilt yfir eru alvarleg slyss eða dauðsföll þegar börn eiga í hlut alltaf mjög erfið, eins þegar fólk kemur að aðstandanda sem hefur framið sjálfsvíg og svo eru alvarleg

slyss utan alfaraleiðar krefjandi enda yfirleitt langt í næsta viðbragðsaðila og oft lítið hægt að gera annað en að biða á línunni og reyna að hughreysta innhringjanda. Í slíkum tilfellum reynum við jafnvel að virkja einhverja sem eru búsettir á svæðinu til þess að fara á vettvang og aðstoða áður en fagaðilar koma á staðinn.“

Þær segja einnig báðar að barnaverndarmálin geti líka verið erfið en utan almenns opunar-tíma barnaverndarnefnda landsins þá tekur 112 við tilkynningum og erindum er varða barnavernd.

Hættur á heimili

Þær vilja báðar minna fólk á að gæta öryggis, ekki sist inni á heimilinu. „Ótrúlegustu hlutir og aðstæður geta skapað slyssahættu inni á heimilum og í daglegu lífi fólks," segir Elva og Kamilla bætir við: „Það sem stendur upp úr og eitthvað sem ég hef breytt hjá mér persónulega er til dæmis að hafa þannig læsingu á baðherbergishurð að hægt sé að opna utan frá með lykli, vera með grunnöryggisbúnað í bílnum á borð við sjúkrahúska, gluggahamar með beltisskera og kerti til þess að halda varma í bílnum ef fólk er lengi fast í slæmu veðri.“ Þá vilja þær minna fólk á að spenna ferðatöskur og stærri hluti í belti séu þeir geymdir í aftursæti bíls en lausir hlutir geta skapað gríðarlega slyssahættu og valdið miklum áverkum, og enn fremur að leyfa börnum ekki að vera með fartölvur, spjaldtölvur

eða annan harðan afþreyingarbúnað í bílferðum nema tækið sé fest aftan við framsættin og geti því ekki valdið skaða ef bíllinn lendir í óhappi sem veldur því að höfuð barnsins rykkist fram.

„Þegar fólk er á ferðinni er líka ágætt að vera meðvitaður um eigin staðsetningu en það er mjög algengt að fólk hafi ekki hugmynd um hvar það er statt þegar slyss ber að höndum og lýsingar á borð við „einvers staðar“ á milli Reykjavíkur og Akureyrar“ segja okkur lítið," segir Elva. „Svo eru það auðvitað reykskynjarar í hverju herbergi, eiga slökkvitæki og kenna öllum á heimilinu að nota það, veggfesta stærri húsgögn og nota alltaf tilskilinn öryggisbúnað við framkvæmdir eða tómsundaiðkun.“

Skyndihjálpin mikilvæg

Kamilla er einnig umhugað um skyndihjálparþekkingu. „Ég mæli með því að fara reglulega á skyndihjálparnámskeið og setja sér einn dag árlega þar sem farið er yfir öll öryggismál á heimilinu með fjölskyldunni. Passa síðan að hús séu vel merkt, bjöllur í fjölbýli skráðar á rétta aðila og öryggisnúmer á sumarbústöðum.“

Að lokum vilja þær minna foreldra á að leyfa ekki ungum börnum að leika sér með SIM-kortalausla gamla síma því það eru mörg dæmi um að litlir puttar séu búnir að hringja jafnvel hundrað sinnum í neyðarlínuna á stuttum tíma án nokkurrar vitundar foreldranna," segja Elva og Kamilla.

Vakt allan sólarhringinn

Eitrunarmiðstöð er starfrækt á Landspítala. Eitt af helstu hlutverkum hennar er að veita upplýsingar um eitrefni og ráðgjöf um viðbrögð og meðferð þegar eitranir verða.

Mikilvægt er að brugðist sé skjótt og rétt við eitrunum, hringt í 112 ef um alvarleg tilfelli er að ræða eða einhver vafi er á því hvort svo geti verið, 112 sendir þá sjúkraviðbragð og hefur jafnframt samband við eitrunarmiðstöðina, en svo má í mörgum tilfellum leysa málið með leiðbeiningum frá starfsfólki eitrunarmiðstöðvar án þess að til frekari meðferðar þurfi að koma.

Eitrunarmiðstöðin rekur símaþjónustu allan sólarhringinn fyrir



Passa þarf vel lyf á heimilinu.

alla landsmenn í síma 543 2222.

Þær upplýsingar sem gott er að hafa þegar hringt er í eitrunarmiðstöðina eru: heiti efnis eða lyfs, en best er að hafa umbúðirnar við höndina, hvenær eitrunin átti sér stað og aldur og þyngd sjúklings.

112 ómissandi þáttur í að tryggja öryggi barna

Eitt af því sem skiptir miklu máli er að upplýsa börn um það hvert þau geta leitað ef þau þurfa aðstoð.


Það er þess vegna svo gott að hægt sé að kenna þeim eitt númer, sem auðvelt er að muna, ef þau þurfa hjálp eða aðstoð, hvort sem það hefur kviknað í, þörf er á aðstoð vegna slyss, nauðsynlegt er að kalla til lögreglu eða þau eru að öðru leyti í kringumstæðum eða aðstæðum sem kalla á utanaðkomandi hjálp," segir Heiða Björg Pálmadóttir forstjóri Barnaverndarstofu.

Undanfarin ár hefur tilkynningum sem barnaverndarnefndum landsins berast í gegnum 112 verið að fjölga og eru þær nú orðnar um 10% af heildarfjölda allra tilkynninga, eða um það bil 1.000 tilkynningar á ári sem koma í gegnum það númer.

Hlutverk barnaverndarnefnda er að kanna aðstæður barna þar sem grunur leikur á að þær séu ekki nægilega góðar eða þau ekki örugg.

Til þess að þær geti starfað er nauðsynlegt að þeim berist upplýsingar um það ef einhver heldur að koma þurfi barni til aðstoðar. Nefndirnar eru 27 talsins og það getur verið flókið að átta sig á því hvaða nefndar eigi að tilkynna til í hvert sinn.

„Þess vegna er það gríðarlega mikilvægt að hægt sé að benda á einn aðila sem tekur á móti slíkum upplýsingum og er 112 því



Heiða Björg Pálmadóttir, forstjóri Barnaverndarstofu. Hlutverk barnaverndarnefnda er að kanna aðstæður barna þar sem grunur leikur á að þær séu ekki nægilega góðar eða þau ekki örugg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsfólk 112 kemur svo tilkynningunni áfram á rétta barnaverndarnefnd.

ómissandi þáttur í því að tryggja öryggi barna hér á landi.

Starfsfólk 112 kemur svo tilkynningunni áfram á rétta barnaverndarnefnd og það tekur á móti tilkynningum allan sólarhringinn, allan ársins hring," segir Heiða.

112-dagurinn

Á hverju ári er 112-dagurinn haldinn 11. febrúar (11.2.). Hann er samstarfsverkefni Neyðarlínunnar og fjölda aðila sem tengjast neyðarnúmerinu með ýmsum hætti. Þeir eru: Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Landspítalinn, Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórnin, Slysavarnafélagið Landsbjörg, slökkviliðin og Vegagerðin.

112 er samræmt neyðarnúmer

Evrópu og er dagurinn haldinn víða um álfuna til að minna á að aðeins þarf að kunna þetta einfalda númer til þess að fá aðstoð í neyð.

Markmiðið með 112-deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi.

Markmið dagsins er enn fremur að efla samstöðu og samkennd þeirra sem starfa að forvörnum, björgun og almannavörnum og undirstrika mikilvægi samstarfs þeirra og samhæfingar.

11.2
EINN EINN TVEIR
dagurinn

Öflugt starf á Suðurnesjum

Hjá slysavarnadeildinni Dagbjörg í Reykjanesbæ er unnið öflugt starf. Deildin hugar að öryggi aldraðra með átakinu Glögg er gests augað, og er í góðu samstarfi við ungbarnaeftirlit HSS.

Kristbjörg Gunnbjörnsdóttir er einn af þeim afkastamiklu sjálfbodaliðum sem starfa fyrir Dagbjörg. Hún er einnig formaður og einn af stofnendum deildarinnar sem varð til árið 2004 og hefur það verkefni að vera bakhjarl Björgunarsveitarinnar Suðurnesja og sinna slysavörnum í Reykjanesbæ.

Glögg er gests augað

Verkefni Dagbjargar í slysavörnum eru margvísleg. „Eitt helsta verkefnið hefur snúið að öryggi aldraðra. Frá árinu 2006 höfum við gert könnun á aðstæðum á heimilum eldra fólks. Þetta er átak sem heitir Glögg er gests augað en markmið þess er að vekja fólk til umhugsunar um slyshættur á heimilum. Öldruðum er boðin heimsókn frá fulltrúum slysavarnadeildarinnar sem fara yfir gátlista um öryggismál og slysavarnir á heimilinu, en meðal annars er skoðuð aðkoma að heimilinu, badherbergi og stigar,“ segir Kristbjörg.

Innt eftir því hvaða hættur sé helst að finna á heimilum aldraðra bendir hún á að algengustu slysin hjá eldri borgurum séu fallslys í svefnherbergjum eða setustofu. Eldra fólk sé hættara við að renna til í baði, renna til á lausum mottum eða detta um lausar snúur.

„Við höfum oftast verið að heimsækja fólk sem er 78 ára til að

kanna aðstæður á heimilum þess. Reyndar erum við að hugsa um að hækka þann aldur enda er eldra fólk á Reykjanesi ótrúlega hress, sérstaklega þeir sem fylgja æfingaplani frá Janusi heilsuefningu sem hefur gert gáfumuninn,“ segir Kristbjörg.

Yfirleitt hefur verið sent bréf til eldra fólks um að sjálfbodaliðar Dagbjargar verði á ferðinni á vissum tíma og svo hefur verið bankað upp á. „Okkur er iðulega mjög vel tekið og þetta er afskaplega skemmtilegt verkefni. Oft fáum við kaffi og pönnukök og sitjum svo og spjöllum um slysavarnir, öryggi og fleira sem fólk hefur áhuga á. Einnig afhendum við gjafapakka sem í er næturljós, 112 merki til að líma á síma og annað gagnlegt,“ lýsir Kristbjörg.

Slysavarnir barna

Annað mikilvægt verkefni sem Dagbjörg sinnir í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja snýr að öryggi barna. „Á hverju ári gefum við hverju barni sem kemur í ungbarnaeftirlit hjá HSS, um 340 talsins, pakka með gátlista um öryggi barna á heimilum og svokölluðum fingravinum sem settir eru á hurðir svo þær skelli ekki á litlum puttum,“ segir Kristbjörg en samstarfið hefur gefist mjög vel. „Þá ræða starfsmenn ungbarnaftirlitsins einnig við foreldra um slyshættur þegar þeir koma með börnin sín í sex mánaða skoðun.“

” Oft fáum við kaffi og pönnukök og sitjum svo og spjöllum um slysavarnir, öryggi og fleira sem fólk hefur áhuga á. Einnig afhendum við gjafapakka sem í er næturljós, 112 merki til að líma á síma og fleira gagnlegt.

Dagbjörg sinnir fjölmörgum öðrum verkefnum sem snúa að slysavörnum. „Við erum með puttana í ýmsu. Skoðum hjálmanotkun og fylgjumst með öryggi í nærumhverfinu, eins og á bryggjum, gangstígum, leikvöllum og ferðamannastöðum. Gefum einnig endurskinsmerki og -vesti til skóla og leikskóla. Á tveggja ára fresti gerum við könnun á öryggi barna í bílum. Við biðum við leikskóla og athugum hvort fólk er með löglegan öryggisbúnað í bílum sínum.“ Kristbjörg segir góða vísu aldrei of oft kveðna. Vel hafi tekist að auka öryggi barna í bílum en betur megi ef duga skuli líkt og nýleg könnun lögreglunnar á Suðurnesjum á bílstoðnotkun sýndi fram á. „Það er mikilvægt að hamra áfram á þessum þáttum.“



Kristbjörg Gunnbjörnsdóttir, formaður slysavarnadeildarinnar Dagbjargar.



Slys sem aldraðir verða fyrir eiga sér aðallega stað á heimilum eða í kring um heimilin. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir. NORDICPHOTOS/GETTY

Slysum fjölga með hækkandi aldri

María Guðnadóttir, sálfræðingur hjá taugasálfræðingastofnu á minnismóttöku Landakots og taugalækningadeild Landspítala, rannsakaði komur aldraðra á bráðamóttöku Landspítala árin 2011 og 2012. Síðustu tölur voru frá 2005. Niðurstöður rannsókna benda til þess að slys séu helsta orsök meiddsla á meðal aldraðra og tíðni slysa aukist með aldri.

„Slys sem aldraðir verða fyrir verða aðallega á heimilum eða í kring um heimilin. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir. Í minni rannsókn urðu tæp 80% slysa á heimilum eða í næsta nágrenni við heimili. Konur eru líklegri til að verða fyrir slysum inni á heimilum en karlar í næsta nágrenni heimila,“ segir María en aðeins ein skýrsla hafði verið birt um þetta málefni áður, árið 2005.

Á tímabilinu voru alls 4.469 komur aldraðra á bráðamóttöku Landspítala af völdum slysa. Af

þeim komu 505 tvisvar eða oftar. Slysiðni jókst með hækkandi aldri og var mest í aldurshópnum 90 ára og eldri. Slysiðni var hærri á meðal kvenna en karla í öllum aldurshópum. Byltur voru algengasta orsök slysa eða 74 prósent allra slysa. Hjá konum voru byltur orsök 80 prósent slysa en 65 prósent hjá körlum. Brot voru algengustu afleiðingar slysa en einnig var algengt að fólk hlyti önnur meiddsla, t.d. lenti í árekstrum við hluti eða annað fólk eða fengi skurðsár o.fl.

María segir að í kjölfar byltu sé algengt að upplifa kvíða. „Í minni rannsókn skoðaði ég einungis líkamlegar afleiðingar slysa, en niðurstöður erlendra rannsókna hafa leitt í ljós að margir upplifa kvíða í kjölfar byltu. Kvíðinn getur orðið hamlandi sem leiðir til einangrunar, farniskerðingar og versnandi líkamlegrar getu. Þetta hefur ekki verið rannsakað á Íslandi og að mínu mati er allt of lítið talað um það.“

Hættur leynast víða

Meðal þeirra fjölmörgu sem leita til bráða- og göngudeildar Landspítalans eru börn og eldri borgarar.

Bráða- og göngudeild Landspítalans er mönnum fagfólki sem leggur mikinn metnað í að taka á móti hinum mismunandi áverkum af þekkingu og færni segir Bryndís Guðjónsdóttir, deildarstjóri bráða- og göngudeildar. „Mikil áhersla er lögð á að forgangsraða sjúklingum eftir alvarleika veikinda og slysa þannig að þeir fái fyrst aðhlyningu sem mest þurfa á henni að halda. Flokkunin hefst strax og einstaklingur kemur á móttökuna, þaðan sem hluta sjúklinga er vísað upp á bráða- og göngudeild.“

Meðal þeirra sem mæta á bráða- og göngudeild eru börn og eldri borgarar sem þarf oft að huga sérstaklega vel að. „Helstu slys sem henda ung börn innandyrna eru þegar þau falla úr rúmi, við að þrilla og í stiga. Auk þess koma klemmuáverkar og brunar reglulega við sögu. Fyrir vikið eru helstu áverkar skurðir, sár og mar og höfuðhögg, þá sérstaklega hjá yngstu börnunum. Einnig mætti nefna tognanir og brot á útlimum.“

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Utandyra eru slysin annars eðlis og misjöfn eftir árstíðum segir Bryndís. „Þar má nefna hálkuslys og skíða-, bretta- og skautaslys á veturna. Yfir sumartímamann eru það helst hjólaáslasly, fall af trampólíni, slys tengd ýmsum íþróttum o.fl. Í tengslum við þau eru helstu áverkar t.d. skurðir, sár og mar, höfuðhögg, útlímaáverkar eins og tognanir og brot.“



Bryndís Guðjónsdóttir er deildarstjóri bráða- og göngudeildar Landspítalans. MYND/ANTON BRINK

” Mikil áhersla er lögð á að forgangsraða sjúklingum eftir alvarleika veikinda og slysa þannig að þeir fái fyrst aðhlyningu sem mest þurfa á henni að halda.


Hún segir helst hægt að fyrirbyggja slys á börnum með því að skilja t.d. ungbörn aldrei eftir án eftirlits fullorðinna, láta börn alltaf nota hjálm við hjólaðar og við ýmsar vetrariþróttir á borð við skíði, bretti og skauta. „Svo má minna á að einungis einn aðili má

vera á trampólíni í einu en aukin áhætta fylgir því ef fleiri eru að hoppa saman. Svo á að sjálfsögðu að nota bilbelt og rétta barnastóla og sessur fyrir börn í bíl.“

Hálkuslys algeng

Þegar kemur að eldra fólki, þ.e. 75 ára og eldri, eru algengustu komuástæður fall eða bylta segir Bryndís. „Helstu áverkar þessa aldurshóps eru skurðir, verkir í baki, brot á mjóðm, brot eða tognanir á ökkla, úlnlið eða olnboga og síðan höfuðhögg. Ástæða falls er oft tengd því að fólk hrasar um eitthvað heima, t.d. lausar mottur og snúur, en einnig er aðsvif algeng ástæða. Á veturna eru það hálkuslysin sem geta verið öldruðum erfið.“

Stenst þitt heimil



1. Sjúkrakassi.
2. Reykskynjari.
3. Slökkvitæki.
4. Eldvarnateppi.
5. Þjófavarnakerfi.
6. Hnifar og aðrir oddhvassir hlutir eru geymdir þar sem börn ná ekki til.
7. Uppþvottavéladuft og önnur hreinsiefni eru geymd þar sem börn ná ekki til.

8. Lyf og vítamín eru í læstri hirslu.
9. Takkar á eldavél/helluborði eru þannig að börn komast ekki að.
10. Rakvélur, skæri og önnur hættuleg áhöld eru geymd þar sem börn ná ekki til.
11. Snyrtivörur og hreinsiefni í baðherbergi eru geymd þar sem börn ná ekki til.
12. Hillur og skápar í barnaherbergi eru fest við vegg.
13. Kojur eru með góðri fallvörn.
14. Öryggislæsing.

Fasteignablaðið

6. TBL. MÁNUDAGUR 11. FEBRÚAR 2019

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS



Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri og eigandi
Pórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast. og eigandi



Benedikta Gísladóttir Skjalavinnsla/móttaka
Nadja Katrin Banine Löggiltur fast.
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Egbert Maríuson Löggiltur fast.
Jóhanna Gustavsdóttir Löggiltur fast.

www.landmark.is

... leiðir þig heim!



Helga Snorradóttir Skrifstofa/skjalavinnsla
Guðrún D. Lúðvicksdóttir Löggiltur fast.
Asdis Rísa Ásgeirsdóttir Löggiltur fast.
Síggi Fenmar Löggiltur fast.



Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGGLEIÐINGUM?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-örugg fasteignaviðskipti



Elin Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



Jóhann Örn B. Benediktsson Skrifstofustjóri

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FOLD FASTEIGNASALA
Sími 552 1400

Íbúðin er á fjórðu hæð (merkt 402). Mikild útsýni yfir borgina og til fjalla.

Góð íbúð fyrir eldri borgara

Fold fasteignasala 552-1400 kynnir nýtt á skrá og í einkasölu: Kleppsvegur 62, 104 Reykjavík, íbúð fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin er tóm og tilbúin til afhendingar strax. Lyklar á skrifstofu, sýnum samdægurs. Íbúðin er á fjórðu hæð (merkt 402). Mikild útsýni yfir borgina og til fjalla.

Íbúðin er 75,6 fm ásamt 3,3 fm geymslu á 1. hæð, samtals 78,9 fm. Sameignin öll hin glæsilegasta en 38 íbúðir eru í húsinu. Þessi íbúð á

2,44% eignarhlut. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Yfirbyggðar svalir.

Nánari lýsing: Komid inn í gang með parketi á gólfi, fataskápur og fatahengi. Baðherbergi með innréttingu, sturtu, dúk á gólfi og flísum á veggjum. Stofa og bordstofa með parketi og útgengt á yfirbyggðar svalir með miklu útsýni yfir borgina. Eldhús er opið við stofu og er með góðri innréttingu, borðkrókur og góð tæki. Rúmgott

parkelagt svefnherbergi ásamt góðum skápum. Þvottahús innan íbúðar, dúkur á gólfi. Sérgeymsla á 1. hæð. Íbúðinni fylgir aðgangur að veislusal á 2. hæð.

Göngustigur er að Hrafnistu og íbúar geta nýtt sér aðstöðu og þjónustu sem þar er í boði.

Mjög góð íbúð á góðum stað nálægt Hrafnistu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar gefur Guðstaf Adolf lgf., gustaf@fold.is / 895-7205.



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími: 587 2700

Opið: 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga

www.alno.is

ALNO

Now that's a kitchen.



Hafþís Fasteignasali 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 837 8889 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099 | Helgi Fasteignasali 780 2700 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Hrönn Fasteignasali 692 3344 | Hólmgeir Lögmaður 520 9595 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Lilja Fasteignasali 663 0464 | Hafliði Fasteignasali 846 4960 | Ragnar Sölufulltrúi 844 6516

Mosagata 8 210 Garðabær **99.700.000**



OPIÐ HÚS mánudaginn 11. feb. kl. 18.30-19.00
Herbergi: 5 Stærð: 224,0 m²

Glæsilegt og fullbúið parhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað. Eignin er skráð 227fm og þar af er bílskúr 40fm. Mikil lofthæð, sérsníðaðar innréttingar, granitborðplötur, vönduð heimilistæki, hjónasvita með fataherbergi og baðherbergi, gólfsíðir gluggar, gólfhiti og frábært útsýni er meðal þess sem einkenna þetta glæsilega hús. Svefnherbergin eru fjögur og baðherbergi þrjú.

Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000

Brúnastaðir 23 112 Reykjavík **77.800.000**



OPIÐ HÚS mánudaginn 11. feb. kl. 17.30-18.00
Herbergi: 5 Stærð: 185,7 m²

Fallegt og vel skipulagt raðhús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Svefnherbergi eru 4, stofurnar bjartar og rúmgóðar og eldhús með sérsníðaðri innréttingu og borðkrók. Aðkoman er góð og verandir með skjólveggjum bæði fyrir framan og aftan hús. Staðsetningin er góð og fjölskylduvæn þar sem stutt er í skóla, leikskóla, Eglisöllina og fallegar gönguleiðir.

Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000

Suðurbraut 22 220 Hafnarfirði **40.900.000**



HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 694-4000
Herbergi: 4 Stærð: 101,1 m²

Björt og rúmgóð 4ra herb. íbúð á efstu hæð í snyrtilegu fjölbýli á góðum stað í Hafnarfirði. Um er að ræða eign sem er skráð 101,1fm og þar af er geymsla í sameign 5,0fm. Þrjú svefnherbergi öll með fataskápum, þvottahús er innan íbúðar og stofan björt og rúmgóð.

Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000


Mosagata 5-7 210 Garðabær **SÝNUM DAGLEGA**



NÝTT FJÖLBÝLI Í GARÐABÆ
Herbergi: 2ja - 5 Stærð: 68,4m² - 166m² Verð frá: 39,9m - 87,9m

Mosagata 5-7 er 4ra og 5 hæða lyftuhús með 22 íbúðum og 11 bílskúrum á baklóð. Hönnuðir eru Úti-Inni arkitektar. Útsýnið er ómótstæðilegt og stórfenglegt enda stendur húsið ofarlega á miðju Urriðaholtinu. Flestar íbúðirnar eru 4ra herbergja, bjartar og vel skipulagðar. Þær verða afhentar fullbúnar en án gólfefna nema í forstofum og blautrýmum. Þar eru gólfílísar. Innréttingar og skápar eru frá HTH, hurðir frá BYKO, tæki frá Tengi og AEG og flísar frá Álfaborg. Urriðaholtsskóli er í næsta nágrenni. Frábærar gönguleiðir.

Hringið og fáíð frekari upplýsingar og bókið skoðun: S: 893 4416 og 837 8889.



Laufengi 12 112 Reykjavík **40.900.000**



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12. feb. kl. 17:30-18:00
Herbergi: 3 Stærð: 95,9 m²

Vel skipulögð íbúð á 3.hæð með útsýni. Hjónaherb. með skápum og gott barnaherb. Eldhús er opið að hluta við stofu með útgengi út á svalir í suðurvestur. Rúmgóður borðkrókur. Hvít innrétting með beyki, tengi fyrir uppþv. vél. Baðherb. með baðkari og sturtuklefa, tengi f.pvottav. og þurrk. Sérgeymsla í sameign ásamt hjóla- og vagnageymslu. Stígangangur nýlega tekin í gegn. **Uppl. veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

Gullengi 3 112 Reykjavík **51.900.000**



OPIÐ HÚS þriðjudaginn 12. feb. kl. 18:30-19:00
Herbergi: 4 Stærð: 142,3 m² Bílskúr

Björt 4ra herb. íbúð á 2. hæð með bílskúr. Rúmgóðar svalir í suðaustur. Íbúðin er 115,7 fm og bílskúr 26,6 fm. Geymslu loft í bílskúr. Nýlega slípað parket á íbúð. Þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, stofa, borðstofa og borðkrókur við eldhús. Þvottahús innan íbúðar. Baðherb. með baðkari og sturtu. Svalarinn. í sam. forstofu 2ja íbúða. **Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

Safamýri 31 108 Reykjavík **67.900.000**



OPIÐ HÚS mánudaginn 11. feb. kl. 17:30-18:00
Herbergi: 4 Stærð: 162 m²

Glæsileg 3ja til 4ra herbergja hæð með séringangi á þriðju og efstu hæð í afar glæsilegu húsi við Safamýri í Reykjavík. Tvennar svalir eru á íbúðinni, aðrar í vestur og hinar í suður. Eignin er skráð 162 fm, þar af er íbúðin 136,9 fm og bílskúr 25,1. Skiptast íbúðin þannig: anddyri, eldhús, stofa og borðstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Möguleiki er á að búa til annað svefnherbergi úr hluta af stofu. Húsið var mikið endurnýjað að innan árið 2007. Innréttingar og öll tæki ásamt gólfefnum var skipt út á þeim tíma og árið 2017 var húsið steypuviðgert, nýtt lagt í tröppur og húsið málað að utan.

Upplýsingar veitir Hrönn fasteignasali í gsm: 692 3344



NÝJAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU
NÚTÍMALEGT MIÐBORGARHVERFI
Efstaleiti 19-27, Lágaleiti 1-9



- Nýtt og nútímalegt miðborgarhverfi með skjólsælum gördum, útív star og leiksvæði.
- Áætluð afhending fyrstu íbúða í apríl 2019.
- Fullbúnar íbúðir án gólfefna fyrir utan votrymi sem verða flísalögð.
- Bjartar og nútímalegar íbúðir með hagnýtu skipulagi.
- Innréttingar hannaðar af G.K.S.
- Rut Kára innanhúsarkitekt sá um að velja saman efni og lit á innréttingum.
- Stæði í bílageymslu fylgir mörgum íbúðum.
- Húsin eru einangruð að utan og klædd með álklaðningu.
- Íbúðir afhentar fullbúnar með öllum innbyggðum eldhústækjum en án gólfefna.

Íbúðir frá 35fm studíó-íbúðir upp í 5 herb. 120fm
Stúdíóíbúð verð frá 28,5m 4. herb. verð frá 64,9m
2. herb. verð frá 33,9m 5. herb. verð frá 79,8m
3. herb. verð frá 58,9m

Verð frá 28.400.000 Afhending frá apríl 2019

SÝNUM DAGLEGA HRINGIÐ Í SÖLUMENN OG BÓKIÐ SKOÐUN!

Allar nánari upplýsingar veitir söludeild Fasteignasölu TORG
HRINGIÐ BEINT Í SÖLUMENN!

Vesturberg 122 íb. 301 109 Reykjavík **42.900.000**



OPIÐ HÚS mánudaginn 11. feb. kl. 17:30-18:00
Herbergi: 4 Stærð: 104,1 m²

VIRKILEGA FALLEG ENDURNÝJUÐ 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ á 3. hæð. Eldhús, baðherbergi, hurðir, flestir rafmagnstenglar og gólfefni endurnýjað 2015. Gluggar endurnýjaðir 2010. Íbúðin er í einstaklega barn- og fjölskylduvæn þar sem grunnskóli, leikskólar, fjölbrautarskóli, sundlaug, íþróttasvæði og Worldclass eru næstum í bakgarðinum. **Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 837 8889**

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölubóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Sjálandi Garðabæ Naustavör – Bryggjuhverfið Kópavogi. Nýjar og glæsilegar íbúðir til sölu. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Bollagarðar – Seltjarnarnesi. Glæsilegt einbýlishús.



- Glæsilegt 319,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innb. bílskúr á glæsilegri 845,0 fm. afgirtri lóð.
- Húsið var allt endurnýjað á virkilega vandaðan og smekklegan hátt árið 2006 úr afar vönduðum og fallegum byggingarefnum. Innréttingar eru hvítar sprautlakkkaðar eða úr massívri hnotu og gólfefni eru massív hnota og sandsteinn. Lóðin er endurnýjuð og með stórum afgirtum veröndum.
- Mjög stórt og glæsilegt eldhús. Setustofa með arni. Skáli með fallegri kaminu. Fjögur herbergi.
- Aukin lofthæð er í húsinu að mestu og virkilega falleg gluggasetning gerir það mjög bjart og skemmtilegt.

Verð 185,0 millj.

Hegranes – Arnarnesi Garðabæ.



- Vandað 337,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum innbyggðum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórar flisalagðar svalir með útsýni. Möguleiki á aukaíbúð á jarðhæð.
- Rúmgóðar stofur, setustofa, borðstofa og arinstofa. Fimm herbergi. Stórt eldhús við útbýgðan bogadreginn glugga. Hjónah. með útg. á svalir.
- Húsið hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald. Skipt var um þakjárn, þakrennur og niðurföll fyrir tveimur árum síðan og þakkantur yfirfarinn og endurbættur. Auk þess var skipt um allt gler í húsinu og gluggalistar yfirfarin á sama tíma. Húsið stendur á 1.288,0 fm. virkilega fallegri og gróinni eignarlóð. Heitur pottur er á lóð og geymsluskúr.

Verð 137,5 millj.

Asparfell 12. 2ja herbergja íbúð – laus strax.



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- 66,9 fm. íbúð á 6. hæð í nýlega uppgerðu og álklaðdu fjölbýlishúsi við Asparfell. Frábært útsýni og svalir til suðurs. Rúmgóð stofa með gluggum til suðurs. Svefnherbergi með glugga til norðurs.
 - Þvottaherbergi á hæðinni, sem fimm íbúðir hafa aðgang að. Snýrtileg sameign. Sér geymsla á jarðhæð.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 25,9 millj.

Mýrargata 26. 2ja herbergja íbúð með sjávarútsýni



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Vönduð 67,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sér geymslu í lyftuhúsi við Mýrargötu. Svalir til austurs og sjávarútsýni auk sér staðs í bílagymslu. Stór sameiginlegur þakgarður.
 - Gólfhitakerfi er í íbúðinni og gólfisör gluggar að hluta. Opið eldhús við stofu, björt stofa og rúmgott svefnherbergi. Frá svölum er útsýni yfir höfnina, að Esjunni og víðar.
 - Bæði er aðkoma að húsinu frá Mýrargötu um sameiginlegan aflokaðan hellulagðan garð þaðan sem séringangur er í íbúðina og einnig er aðkoma um stigahús norðan við húsið þaðan sem lyfta er upp á íbúðarhæðina.

Verð 43,9 millj.

Safamýri 34. 4ra herbergja endaíbúð ásamt bílskúr.



- Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Mjög fín 118,1 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir og tvennum svölum á 1. hæð á frábærum stað neðst í Safamýri auk bílskúrs.
 - Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð nýlega. Parket er nýlegt. Innihurðir eru nýlegar og baðherbergi er endurnýjað á vandaðan hátt.
 - Svalir til vesturs út af rúmgóðri stofu. Þrjú herbergi. Svalir til austurs út af hjónaherbergi. Eldhús með nýlegum tækjum.
 - Auðvelt væri að bæta við einu svefnherbergi í íbúðinni annað hvort með því að innrétta hluta af stofu sem slíkt eða breyta eldhúsi í svefnherbergi og færa eldhús inn í stofu.

Verð 54,9 millj.

Skúlagata 20. 3ja herbergja íbúð – 60 ára og eldri.



- Eignin verður til sýnis í dag, mánudag frá kl. 18.15 – 18.45**
- 71,4 fm. útsýnisíbúð á 4. hæð með yfirbyggðum flisalögðum svölum til norðurs í þessu eftirsóttu fjölbýlishúsi fyrir 60 ára og eldri við Skúlagötu.
 - Íbúðin skiptist í forstofu, opið eldhús, rúmgóða stofu, rúmgott herbergi með fataskápum á heilum vegg. Sjónvarpsherbergi innan stofu og baðherbergi.
 - Húsvörður er í húsinu og tenging er frá húsinu og yfir í næsta hús þar sem Reykjavíkurborg er með ýmsa þjónustu, s.s. heitan mat í hádegis og ýmskonar félagsstarf.
 - Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 42,9 millj.

Sævangur 11 – Hafnarfirði. Einbýlishús við opið svæði.



- Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Afar vel staðsett 196,6 fm. einbýlishús á einni hæð á einstökum útsýnisstað við opið svæði við Sævang. Bílskúrinn er 53,0 fm. og með baðherbergi innan þannig að í honum væri hægt að innrétta aukaíbúð.
 - Aukin lofthæð er í hluta hússins. Allt gler í húsinu og gluggalistar að hluta voru endurnýjuð fyrir um 4 árum síðan. Fjögur herbergi. Sjónvarpshol.
 - Lóðin 946,0 fm. og stendur við opið óbyggt svæði og hraun þaðan sem nýtur útsýnis bæði til fjalla og til sjávar. Stór hellulögð innkeyrsla og stétt fyrir framan húsið, tyrfdar flatir, lágreistur gróður og hellulögð verönd til suðurs og austurs.

Verð 81,9 millj.

Neðstaleiti 4. 2ja herbergja íbúð með sér garði.



- Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 18.00 – 18.30**
- Góð 57,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér garði og útsýni í góðu fjölbýlishúsi við Neðstaleiti.
 - Úr stofu er útgengi á stóra afgirta sér lóð með hellulagðri verönd og útsýni.
 - Baðherbergi er ný endurnýjað og með þvottaaðstöðu. Rúmgott svefnherbergi. Sameign til fyrirmyndar.

Góð staðsetning miðsvæðis í Reykjavík.

Verð 33,9 millj.

Ránargata 3. 3ja herbergja íbúð á efstu hæð.



- Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,7 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í steinsteyptu þríbýlishúsi við Ránargötu. Baðherbergi er með glugga og er nýlega endurnýjað og eldhúsinnrétting er tiltölulega nýleg með nýjum tækjum.
- Rúmgóð stofa með tvöfaldrí rennihurð við eldhús.
- Lóðin er ræktuð, afgirt baklóð.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á rólegum stað í göngufæri við miðborgina.

Verð 44,9 millj.

Digranesvegur 60 - Kópavogi. 5 herbergja íbúð með séringangi.



- Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45**
- Vel skipulögð 112,5 fm. hæð í þríbýlishúsi við Digranesvegur í Kópavogi. Eign sem hefur fengið gott viðhald undanfarið ár. Húsið var múrvíðgert og málað í lok sumars.
 - Fjögur herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar.
 - Rúmgóð stofa sem rúmar vel borð- og setustofu.
 - Útsýni er frá stofu, borðstofu og svölum til suðurs og vesturs yfir Kópavoginn og til fjalla.
 - Staði fylgir hæðinni fyrir framan hús.

Hamraborgin er í göngufæri og stutt er í Sundlaug Kópavogs. Skólar í næsta nágrenni.

Verð 49,9 millj.



EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
s. 824 9093



Guðmundur Sigurjónsson
Lögfræðingur,
löggiltur fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
s. 864 5464



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali,
sölustjóri
s. 899 1882



Magna S. Sverrisdóttir
MBA,
löggiltur fasteignasali
s. 861 8511



Hilmar Þór Hafsteinnsson
Löggiltur fasteignasali,
löggiltur leigumíðlari
s. 824 9098



Brynjar Þ. Sumarliðason
BSc í viðskiptafræði,
löggiltur fasteignasali
s. 896 1168



Alexander Ingi Kristjánsson
Löggiltur fasteignasali
s. 695 7700

SÓLTÚN 10 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Falleg 146,9 fm, velskipulögð þakíbúð í nýlegu viðhaldslitlu lyftuhúsi við Sóltún í Reykjavík, ásamt tveimur stæðum í bílageymslu. Íbúðin skiptist: Forstofa, hol, setustofa, borðstofa, opið eldhús, þvottahús, gestasnyrting, tvö svefnherbergi, baðherbergi, tvennar svalir með svalaríokun og geymsla í kjallara. Tvö stæði í lokaðri bílageymslu. **V. 85,0 m.**
Opið hús þriðjudaginn 12. febrúar milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Ármann Þór Gunnarsson, lg.fs. s. 847 7000, armann@eignamidlun.is

JÖKLAFOLD 16 112 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Glæsilegt 220,8 fm einbýlishús á einni hæð. Vífill Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Húsið skiptist m.a. í stórt hol, stofu, borðstofu, eldhús, 3-5 herbergi, baðherbergi, snyrtingu og þvottahús. Innbyggður bílskur. Stórt upphitað bílplan er fyrir framan húsið. Sérstaklega fallegur garður með verönd. Mjög góð staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, verslanir og alla helstu þjónustu. **V. 89,9 m.**
Opið hús mánudaginn 11. feb. milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl.: Kjartan Hallgeirsson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is og Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514

HJARÐARHAGI 21 107 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Mjög falleg og björt 125 fm 4-5 herbergja hæð við Hjarðarhaga. Íbúðin er á efstu hæð. Mikil lofthæð er í hluta íbúðarinnar. Fallegt útsýni. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **V. 62,9 m.**
Opið hús fimmtudaginn 14. feb. milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Alexander I. Kristjánsson lg. fs. s. 695 7700, alexander@eignamidlun.is

VEGHÚS 5 112 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Falleg 104 fm. 3. herb. íbúð á 3.hæð í góðu vel staðettu fjölbýli ásamt bílskur. Íbúðin sem er á 2. hæðum er smekklega innréttuð og talsvert endurnýjuð. Staðsetningin er góð. **V. 42,9 m.**
Opið hús þriðjudaginn 12. feb. milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

ÞINGVAÐ 45 110 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Þingvæð 45, 203,6 fm einstaklega vel staðsett raðhús á 2.hæð m. bílskur. 4 svefnherbergi, stórar suðursvalir. Parket og flísar á gólfum, sérverönd. Góð aðkoma að húsinu. Stutt í gönguleiðir og að Elliðaavatni. Steinsnar í skóla og leikskóla. **V. 80,9 m.**
Opið hús fimmtudaginn 14. feb. milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882

SOGAVEGUR 86 108 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Gott 152,9 fm einbýli á tveimur hæðum og kjallara. Húsið skiptist í forstofu, hol, þrjú svefnherbergi, sjónvarps/vinnurými, tvær stofur, eldhús, baðherbergi, snyrtingu og þvottahús. **V. 71,9 m.**
Opið hús þriðjudaginn 12. feb. milli kl. 17:00 og 17:30
Nánari uppl. Brynjar Þór Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidlun.is

LAUFENGI 29 112 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Chelsea. Varnarleikur liðsins, sem hefur verið aðalmerki þess í meistaraliðum Chelsea, er í molum þessa dagana.

Var þetta í fyrsta sinn í 29 ár sem Chelsea fær á sig fjögur mörk í tveimur útileikjum í röð og versta tap Chelsea í 28 ár í öllum keppnum. Nú er Chelsea búin að fá á sig þrettán mörk í síðustu þremur útileikjum, tveimur mörkum minna en allt 2004-05 tímabilið.

Þá hefur heldur betur fjarad undan Jorginho sem átti að leiða leikstíl Sarri hjá Chelsea. Chelsea vann kapphlaup við City um ítalska landsliðsmanninn sem hefur misst dampinn á undanförunum mánuðum eftir fina byrjun. Miðjumaðurinn N'Golo Kanté var færður í nýja stöðu til að koma Jorginho fyrir en það virðist vera skot sem hittir ekki á mark hjá Ítalanum.

Sviðsljósið á Sarri

Það vakti athygli þegar Sarri krafðist þess að þjálfarateymið yfirgæfi bunningsklefann og hann átti langan fund með leikmönnum eftir 0-4 tap

gegn Bournemouth á dögnum. Það átti sér stað aðeins ellefu dögum eftir að hann gagnrýndi leikmenn sína opinberlega og sagði erfitt að ná til þeirra eftir tap fyrir Arsenal. Hann var ekki jafn hvass eftir leik í gær og virtist hálf áttavilltur í samtali við breska fjölmiðla.

Í samtali við Sky Sports eftir leik sagðist Sarri aðeins hafa áhyggjur af frammistöðu liðsins en ekki af starfi sínu. Það hefði eitthvað breyst á tímabilinu og hann gerði sér ekki grein fyrir því hvað það væri en taldi að það hefði ekki verið neinn einbeitingarskortur í undirbúningnum fyrir leikinn.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja um framtíð mína, það verður að spyrja félagið að því. Ég á erfitt með að útskýra hvað fór úrskeiðis í dag. Æfingar í aðdraganda leiksins gengu vel en við lentum í miklum vandræðum frá fyrstu mínútu leiksins gegn frábæru liði. Þeir léku sér að okkur í dag og refsuðu okkur fyrir öll mistök. Við vildum byrja af krafti en það fór út um gluggann þegar við fengum á okkur mark á þriðju mínútu leiksins og okkur tókst aldrei að ná tökum á leiknum,“ sagði Sarri sem hélt áfram:

„Við eigum í vandræðum. Við vorum sterkari á útivöllum en á heimavelli framan af tímabilinu en það hefur allt farið úrskeiðis undanfarnar vikur. Við þurfum að finna lausnir og það er skiljanlega komin pressa á að finna lausnir því ég sem þjálfari liðsins á að gera betur.“ kristinnpall@frettabladid.is



Svava í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svava byrjar vel í Svíþjóð

FÓTBOLTI Svava Rós Guðmundsdóttir fékk sannkallaða drauma-byrjun þegar hún skoraði þrjú mörk í 7-1 sigri Kristianstad gegn Kalmar í sænska bikarnum um helgina. Var þetta fyrsti leikur Kristianstad á tímabilinu og um leið fyrsti leikur Svövu eftir að hafa samið við Kristianstad í haust.

Svava Rós var líkt og Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, sem samdi á sama tíma við sænska félagið, í byrjunarliði Kristianstad í fyrsta leik liðsins svo og Sif Atladóttir. Það tók íslensku leikmennina ekki langan tíma að stimpla sig inn en Svava skoraði tvívegis í fyrri hálfleik og fullkomnaði þrennuna í seinni hálfleik. Þórdís komst sömuleiðis á blað á upphafsminútum seinni hálfleiks.

Gott gengi Svövu fyrir framan markið heldur því áfram en hún deildi þriðja sæti yfir markahæstu leikmenn norsku deildarinnar í fyrra á fyrsta ári sínu í atvinnu-mennsku. – kpt

Alfredur fór meiddur af velli

FÓTBOLTI Íslenski landsliðsframherjinn Alfredur Finnboason fór meiddur af velli í 0-4 tapi Augsburg fyrir Werder Bremen í gær. Augsburg tókst ekki að fylgja eftir góðum sigri á Mainz um síðustu helgi og fékk skell í gær.

Alfredur, sem hefur verið talsvert frá vegna meiðsla það sem af er tímabili, var á sínum stað í byrjunarliði Augsburg enda aðeins vika síðan hann skoraði þrennu í sigri á Mainz. Alfredur var skipt af velli á 68. mínútu og fór hann haltrandi af velli. Stuttu síðar staðfesti félagið að Alfredur hefði farið út af vegna meiðsla en óvíst er hversu alvarleg meiðslin eru. – kpt

Komast áfram í aðalkeppnina

SKÍÐI Það kom í ljós í gærkvöld að allir íslensku keppendurnir í stórsvigi í kvennaflokki kæmst áfram í aðalkeppnina í stórsvigi þegar akveðið var að hætta við undankeppnina á HM í alpagreinum sem fer fram í Áre í Svíþjóð.

Andrea Björk Birkisdóttir, Freydis Halla Einarsdóttir, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og María Finnboagóttir áttu að hefja leik í undankeppni fyrir stórsvigið í dag en þar sem keppendafjöldi nær ekki hundrað manns fara allar beint áfram í aðalkeppnina.

Þær Andrea, Freydis, Hólmfríður og María keppa því allar í aðalkeppninni í stórsvigi á fimmtudaginn. – kpt



SIMBA®



SIMBA
dýnurnar
henta einstaklega
vel í stillanleg
rúm

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn
– sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	69.900
Dýna 90 x 200 cm	79.990
Dýna 90 x 210 cm	82.900
Dýna 100 x 200 cm	84.900
Dýna 120 x 200 cm	94.990
Dýna 140 x 200 cm	104.990
Dýna 160 x 200 cm	124.990
Dýna 180 x 200 cm	139.990
Dýna 180 x 210 cm	149.990
Dýna 200 x 200 cm	154.990



Kjörin heilsudýna ársins á meðal 10.657 þátttakenda í neytendakönnun KANTAR TNS í Bretlandi

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simba.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1534 Hinrik VIII viðurkenndur sem æðsti ráðamaður bresku kirkjunnar.

1659 Svíar hefja árás á Kaupmannahöfn.

1794 Fundir öldungadeildar Bandaríkjaþings opnaðir fyrir almenningi.

1814 Noregur lýsir yfir sjálfstæði og slítur samstarfi við Danmörku.

1823 110 drengir farast í troðningi í hátíðarhöldum á Möltu.

1938 Breska ríkissjónvarpið BBC sýnir þátt byggðan á R.U.R., vísindaskáldsögu Karel Capek. Hugtakið vélmenni (e. robot) kemur fyrir í þáttunum í fyrsta sinn.

1943 Dwight D. Eisenhower tekur við sem æðsti stjórnandi herja bandamanna í Evrópu.

1961 Réttarhöld yfir Adolf Eichmann hefjast í Jerúsalem.

1971 87 ríki, þar á meðal Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin, undirrita samkomulag sem bannar notkun á kjarnorkuvopnum og tilraunir með þau á sjávarbotni.

1978 Stjórnvöld í Kína aflétta banni á verkum Aristótelesar, Williams Shakespeare og Charles Dickens.

1979 Írskir byltingarmenn, undir stjórn klerksins Ayatollah Khomeini, ná völdum í landinu.

1983 Rafael van der Vaart fæddur.


1990 Buster Douglas rotar Mike Tyson í tíundu lotu í bardaga þeirra um heimsmeistaratitilinn í þungavigt.

1999 Plútó fer yfir sporbaug Neptúnusar og er þar með á ný kominn fjær sólinni en Neptúnus. Í tuttugu ár þar á undan hafði Plútó verið nær.

2006 Dick Cheney skýtur Harry Whittington, 78 ára lögmann, þegar þeir eru á veiðum í Texas.



Réttarhöldin yfir Adolf Eichmann hófust á þessum degi árið 1961.



Dick Cheney skaut Harry Whittington á þessum degi.

2011 Hosni Mubarak hrökklast frá völdum í Egyptalandi.

2017 Norður-Kórea skýtur langdrægri eldflaug á loft og endar hún för sína í Japanshaf.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn Magnússon

(Bói)

Norðurbrún 1,
áður Kleppsvegi 30,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þ. 1. febrúar.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn
13. febrúar kl. 13.00. Þökkum starfsfólki á A-6 fyrir
góða umönnun og hlýju.

Yngvi Þór Kristinsson
Anna Kristinsdóttir
Haukur Kristinsson
Kristinn M. Kristinsson
Magnús Logi Kristinsson

Guðlaug A. Sigurfinnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Mubarak hverfur á brott



Gríðarmikill fögnuður braust út í Egyptalandi þann 11. febrúar árið 2011, og í raun víða um heim, þegar Hosni Mubarak, þá forseti Egyptalands, tilkynnti að hann hygðist láta af embætti í kjölfar fjöldamótum sem kennd eru við arabíska voríð. Hosni Mubarak hafði verið forseti Egyptalands í þrjá áratugi þegar hann hrökklaðist frá. NORDICPHOTOS/GETTY

Mandela fagnaði frelsinu

Nelson Mandela gat um frjálst höfuð strokið á þessum degi árið 1990 og var hylltur af hundruðum þúsunda á fjöldasamkomu í Jóhannesborg. Leiðtoginn sat inni í 27 ár.

Á þessum degi árið 1990 lauk 27 ára fangelsisvist mannréttindafrömuðarins Nelsons Mandela. Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út í Suður-Afríku þegar Mandela fagnaði frelsi með konu sinni, Winnie Madikizela, á götum Jóhannesborgar. Eitt af fyrstu verkum Mandela var að ávarpa fjöldasamkomu á Soccer City-leikavanginum í borginni en talið er að um 100 þúsund manns hafi verið á staðnum.

Fangelsun Mandela má rekja til baráttu hans gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Hann var handtekinn ásamt öðrum aðgerðasinum árið 1962 og var ári seinna dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir landráð. Saksóknari hafði farið fram á dauðadóm yfir Mandela og félögum hans.

Mandela var vistaður í fangelsinu á Robben-eyju á árunum 1964 til 1982, eða þangað til að hann var fluttur í Victor Verster-fangelsið.

Barátta Mandela fyrir réttindum blökkufólks í Suður-Afríku, handtaka hans og endanleg fangelsun vakti heimsathygli og ekki síður þær fregnir sem bárust af þeirri hörmulegu meðferð sem Mandela sætti á Robben-eyju.

Um það leyti sem frelsun Mandela var í nánd var mörgum orðið ljóst að aðskilnaðarstefnuna væri úrelt fyrirkomulag. F.W. de Klerk, sem gegndi tímabundið embætti forseta, lýsti þessari skoðun. Hann beitti sér fyrir frelsun Mandela, sem síðan varð að veruleika 11. febrúar árið 1990.

Árið 1994 vann flokkur Mandela, Afríska þjóðarráðið, afgerandi sigur í almennum þingkosningum og var



Mandela ásamt Winnie, konu sinni, 11. febrúar 1990. NORDICPHOTOS/GETTY



Þúsundir komu saman til að hylla Nelson Mandela. NORDICPHOTOS/GETTY



Árið 1994 varð Mandela forseti eftir afgerandi sigur Afríska þjóðarráðsins í þingkosningum.

Mandela útnefndur forseti í kjölfarið og varð þar með fyrsti lýðræðislega kjörni forseti landsins. Mandela átti eftir að beita sér af miklum krafti við að afnema aðskilnaðarstefnuna og við að koma á friði milli svartra og hvíttra í Suður-Afríku. Mandela lést 5. desember árið 2013. kjartanhreinn@frettabladid.is

Beltone Amaze™

Hvert orð, hlátur og hljóð skipta máli




Hver dagur er samsettur af ótal augnablikum þar sem hvert einasta orð, hlátur og hljóð skipta máli. Nýju **Beltone Amaze™** heyrnartækin gera þér kleift að njóta hvers dags í einstökum hljómgæðum og nú fást þau einnig með endurhlaðanlegum lithíum rafhlöðum. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

SA 13-20 m/s um landið sunnanvert með snjókomu og slyddu og síðar rigningu og hlýnar í veðri, en austan 8-15 og snjókoma með köflum um landið norðanvert. Hiti 0 til 6 stig sunnanlands síðdegis, en vægt frost fyrir norðan.



Þriðjudagur

Reykjavík 1° ↘ 8	Ísafjörður 0° ↓ 7	Akureyri 4° ↑ 2
Egilsstaðir 4° ↑ 11	Kirkjubæjarkl. 3° ↑ 8	Hveravellir 0° ↗ 6

Miðvikudagur

Reykjavík -1° ← 6	Ísafjörður -6° ↖ 4	Akureyri -8° ↑ 1
Egilsstaðir -6° ↗ 5	Kirkjubæjarkl. 0° ↙ 5	Hveravellir -10° ↘ 5

LÉTT

1	6					3
3	2			1	5	
7	4	5	9			
	5	1	8	4		
2	1					7
6	3	8		2	1	
	9					6
	6	7		8		
		6	4	2	9	

MIDLUNGS

2	8					5
	3	6				8
4	6	3	8			1
	9	8	6			
3	4	7	1	5		
1		2			5	
6					2	
	1	5	3	6	4	
	4					1

PUNG

3		2			8	4
	6	5			3	2
2		8				
5	3		1			
	1				9	
8	2					1
9	3				5	
7			5			
	2			3	7	9

Krossgáta

LÁRÉTT

- snældi
- auð
- tveir eins
- klaufska
- fríður
- stormur
- samstæða
- ármynni
- vín
- snerill

LÓDRÉTT

- lífsspursmál
- íþrótt
- bergmála
- nytjar
- fitlari
- steppa
- árás
- lyftist
- píla

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
					17

LÁRÉTT: 1. spóla, 5. tóm, 6. ff, 8. ólagni, 10. rú, 11. flikari, 9. gresja, 12. sökni, 14. ris, 16. ör.
LÓDRÉTT: 1. stórmál, 2. póla, 3. óma, 4. árnott, 7. rok, 12. sett, 13. árás, 15. líkþór, 17. snari.

Skák Gunnar Björnsson

Kahn átti leik gegn N.N. í Libau árið 1885.

Hvítur á leik



1. He3+! fxe3 2. f4# 1-0.
Hannes Hlífar Stefánsson endaði í 2.-9. sæti á opnu alþjóðlegu móti í Lissabon sem lauk á laugardaginn. Ingvar Wu Skarphéðinsson vann sigur á Bikarsyrpu Taflfélags Reykjavíkur sem fram fór um helgina. www.skak.is: Góður árangur Hannesar.

8	1	5	9	2	6	3	4	7
9	2	4	7	1	3	8	5	6
6	7	3	4	8	5	9	1	2
1	4	6	5	9	7	2	3	8
5	9	7	8	3	2	1	6	4
2	3	8	1	6	4	7	9	5
7	8	9	6	5	1	4	2	3
3	6	1	2	4	8	5	7	9
4	5	2	3	7	9	6	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



ALLT fyrir listamanninn

Verkfæralagerinn

Smáratorgí 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, v@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Vissir þú að...
Það er bannað að misumuna börnum eftir litar hetti!

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

11. FEBRÚAR 2018

Hvað? Meistaramánuður á Úlfarsfelli

Hvenær? 18.00

Hvar? Skútuvogur 2

Alla mánudaga í meistaramánuði bjóðum við upp á skemmtilegar fjallgöngur á Úlfarsfelli sem Vilborg Arna og félagar hjá Tindum Travel leiða. Þetta er stutt og þægileg fjallganga við allra hæfi sem býður upp á stórkostlegt útsýni yfir höfuðborgina. Genginn er hringur með viðkomu á báðum toppunum. Við hittumst á bílastæðinu í Úlfarsárdal kl. 18.00. Mætið klædd eftir veðri, vopnuð höfuðljósi og Esju-broddum.

Hvað? Aðalfundur Landssamtaka

hjólréiðamanna

Hvenær? 19.30

Hvar? Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Engjavegi 6

Aðalfundur LHM verður haldinn í dag, 11. febrúar 2019, kl. 19.30 í húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 6. Allir eru velkomnir. Kjörgengi og atkvæðarétt hafa allir félagsmenn þeirra félaga sem aðild eiga að LHM.

Hvað? Klassískt biókvöld: Núll fyrir

hegðun og Fjögur hundruð högg

Hvenær? 20.00

Hvar? Háskólabíó

Á Klassíska biókvöldinu býðst ykkur að sjá tvö meistaraverk franskra kvikmynda, verk sem eru í hávegum höfð út um allan heim. Myndirnar hylla ákveðna æsku- mynd, frjálsa og ósvífna, eins og lýst er í persónum og atburðum sem nú eru orðnar að þjóðsögum. Núll fyrir hegðun (Zéro de conduite)

Hvað? Nýsköpun innan starfandi

fyrirtækja

Hvenær? 11.00

Hvað? Borgartún 35

Samtök iðnaðarins og Icelandic

Startups bjóða til málstofu um

nýsköpun innan starfandi fyrir-

tækja í dag, mánudaginn 11. febrúar, frá kl. 11-12 í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35. Fjöldi íslenskra fyrirtækja, jafnt smærri og stærri, hefur á síðustu árum lagt áherslu á nýsköpun innan sinna fyrirtækja og er fundinum ætlað að varpa ljósi á þá umræðu og mikilvægi nýsköpunar í þróun fyrirtækja.

Hvað? Frost

Hvenær? 12.00

Hvar? Listasalur Mosfellsbæjar

Í Listasal Mosfellsbæjar hefst nýtt sýningarár á ferskum notum með FROST, fyrstu myndlistarsýningu arkitektsins Steinunnar Eíkar Egilsdóttur. Steinunn Eik, sem er fædd árið 1988, er óhrædd við nýjar áskoranir og hefur sinnt ýmsum fjölbreyttum verkefnum, m.a. á Grænlandi, í Palestínu og Vestur-Afríku en þar bjó hún í þrjú ár. Steinunn Eik leitar í abstraktmyndlist sem mótvægi við nákvæmni og strangleika arkitektúrins og hefur í gegnum tilraunir sínar með akrilmálingu mótað sinn ákveðna stíl. Verk Steinunnar Eíkar eru í senn einstæð og keimlík, frjálsleg og öguð, stílhrein og ósamstæð. Þau bera einkenni ungs listamanns sem málar af áratu og leikgleði.

Hvað? Aðalfundur hjá EYP Ísland

Hvenær? 17.30

Hvar? Verzlunarskólinn

European Youth Parliament á Íslandi heldur opna kynningu og aðalfund í dag, 11. febrúar! Þetta er frábært tækifæri til að kynna næstu skrefum EYP á Íslandi, hvernig maður kemst á erlendar ráðstefnur, ráðstefnu á Íslandi í haust og önnur tækifæri innan samtakanna!

Hvað? Félag þjóðfræðinga lærir að

dansa

Hvenær? 20.00

Hvar? Álfabakki 14a

Í dag, mánudaginn 11. febrúar, ætla meðlimir í Félagi þjóðfræðinga og þjóðbrók að fá kennslu í þjóðdöns frá þjóðdönsafélagi Reykjavíkur. Tíminn hefst klukkan 20.00 og er í Álfabakka 14a í Mjóddinni. Þessu má enginn missa af, kjörð tækifæri til að læra nokkur ný mív fyrir þorablótið. Allir velkomnir!

Hvað? Mánudjass

Hvenær? 21.00

Hvar? Húrra, Tryggvagötu 22

Lifandi djass öll mánudagskvöld

kl. 21 með okkar frábæra hús-

bandi og svo djammssession á eftir

fyrir þá sem geta/þora. Happy hour 18-21.

Hvað? Bæjarmálfundur Samfylk-

ingarinnar í Kópavogi

Hvenær? 20.00

Hvar? Hlíðasmári 9

Í kvöld, mánudaginn 11. febrúar, kl. 20 verður bæjarmálfundur hjá Samfylkingunni í Kópavogi. Þar ætlum við að eiga gott samtál um þau málefni sem brenna á okkur og þau atriði sem bæjarfulltrúarnir telja mikilvægt að ræða fyrir bæjarstjórnarfund sem verður daginn eftir.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Raunsæi og glæpir

BAEKUR

Eldraunin

★★★★★

Höfundur: Jörn Lier Horst

Þýðandi: Ingunn Snædal

Útgefandi: Bjartur

Blásiður: 415

Norski glæpasagnahöfundurinn Jörn Lier Horst er einn þekktasti glæpasagnahöfundur Norðmanna. Bækur hans njóta vinsælda víða um heim og árið 2013 hlaut hann Glerlykilinn, sem veittur er fyrir bestu norrænu glæpasöguna, fyrir bók sína *Veiðihundana*. Áður en Horst sneri sér að ritstörfum starfaði hann sem yfirmaður í norsku lögreglunni. Þekking hans og innsýn í störf lögreglunnar koma honum til góða í ritstörfunum og fyrir vikið er sterkur raunsæisblær áberandi í sögum hans.

Nokkrar bækur Horst hafa komið út á íslensku og er Eldraunin sú nýjasta. Sofie, einstæð móðir, flytur inn í hús sem hún hefur erft eftir

afa sinn. Hún kemst að ýmsu vægast sagt vafasömu um fortið hans þegar hún finnur sönnunargögn í gömlu sakamáli í peningaskáp í húsinu. Hún vingast við hina barnshafandi Line, sem er dóttir lögreglumannsins Wisting, sem lesendur þekkja úr fyrri bókum höfundar. Wisting

rannsakur dularfullt hvarf leigu-bílstjóra um leið og hann biður eftir að taka að sér nýtt hlutverk sem afi. Styrkur bókarinnar felst í trúverðugum lýsingum á störfum lögreglunnar, því hvernig glæpir hafa breyst í árána rás og sömuleiðis hvernig viðhorf samfélagsins til þeirra hafa tekið breytingum. Aðalpersónur verksins eru dregnar skýrum


dráttum og samspil milli þeirra er gott. Þegar kemur að sakamálaþættinum tekst ekki eins vel til. Það er óneitanlega betra að lesandinn hafi samúð með persónu sem hefur verið myrt eða horfið, hafi alla vega einhvern áhuga á henni. Hér gerist það ekki. Lesandinn fær enga til-

finningu fyrir hinum horfna leigubílstjóra og stendur nokkuð á sama um örlög hans og það sama á við um unga konu sem hlýtur grimmt örlög. Sakamálið sem flett er ofan af í sögunni verður aldrei nægilega áhugavert og spennu verður ekki vart í verulegum mæli.

Eldraunin er ein af þessum fremur þægilegu glæpasögum sem vel má orna sér við á köldum vetrardögum. Hún ris aldrei verulega hátt en er heldur aldrei slæm. Það eru aðalpersónurnar og samskipti þeirra sem vekja meiri áhuga en sjálft sakamálið.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTADA: Glæpasaga sem notalegt er að lesa fyrst og fremst vegna geðugra aðalpersóna. Sakamálaþátturinn er ekki jafn áhugaverður.



TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar fyrir Start-Stop bíla



Veldu öruggt start með TUDOR

Viðurkenndir af öllum bílaframleiðendum

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Shoplifters//Búðarþjófvar (ICE SUB) 17:40

Diablo (POLISH W/ENG SUB) 17:45

Tryggð // The Deposit (ENG SUB) 18:00

Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 20:00

Transit (GERMAN & FRENCH W/ICE SUB) 20:00

National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið

NTL: Antony & Cleopatra (NO SUB) 20:00

Damsel (ENGLISH-NO SUB) 22:00

One Cut of the Dead (ICE SUB) 22:00



Nýtt

ERT ÞÚ MEÐ HÁLSBÓLGU?

Strefen®

Bólguþandi og verkjastillandi munnúði við særindum í hálsi



Strefen 16,2 mg/ml munnholtsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálsástanda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjú daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Önnur og dýpri mynd

Í Listasafni Íslands stendur yfir sýning á verkum fimmtán listamanna sem tengjast listalífinu í Beirút.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Myndir Raed Yassin eru minningar um myndaalbúm fjölskyldu hans.

BEIRÚT ER DÁLÍTIÐ EINS OG REYKJAVÍK. LISTAMENNIRNIR FARA ÞADAN EN ÞEIM FINNST LÍKA ÓSKAPLEGA GOTT AÐ KOMA ÞANGAÐ AFTUR.

Í Listasafni Íslands var nýlega opnuð sýningin Beirút, Beyrut, Beyrouth, Beyrouth. Sýnd eru verk eftir fimmtán listamenn sem tengjast listalífinu í Beirút og flestir eru þeir fæddir í Líbanon eða með sterkar rætur þar. Sýningarstjórar eru Marianne Hultman, Birta Guðjónsdóttir og Ýrr Jónsdóttir. Sýningin var áður sýnd í Oslo Kunstforening í Noregi og í Ystads konstmuseum í Svíþjóð en þar er Ýrr einmitt sýningarstjóri.

Í tilefni sýningarinnar kom Ýrr hingað til lands. Um sýninguna segir hún: „Þetta er ansi breið sýning. Þarna eru teikningar, ljósmyndir, videóverk, útsaumur og málverk sem endurspeglar líf, hugsanir, tengingu við minningar og sögu og landamæri. Verkin sýna hvernig það er að vera manneskja í þessum heimi.“

Myndir af minningum

Tenging við minningar er sérlega sterk í myndum listamannsins Raed Yassin sem áberandi eru á sýningunni „Hann bjó í Beirút í borgarastríðinu og þurfti margt að flytja og þá týndist svo margt, til dæmis myndaalbúm fjölskyldunnar. Hann gerði því myndir af minningum sínum af myndum í

myndaalíbúminu.“ segir Ýrr. „Raed er tiltölulega nýfluttur til Berlínar. Langflestir þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru með annan fótinn í Líbanon og hinn í Evrópu. Beirút er dálítið eins og Reykjavík. Listamennirnir fara þaðan en þeim finnst líka óskaplega gott að koma þangað aftur.“

Gamall draumur

Ýrr segist hafa látið sig dreyma um sýningu eins og þessa í mörg ár, eða allt frá árinu 2006. „Þá vann ég sem safnstjóri í Ystads konstmuseum með tónlistarmönnum og myndlistarmönnum frá Líbanon. Raed var einn af þeim. Ég hélt sambandi við þessa listamann og fór

til Líbanon. Á stórum myndlistarsýningum leitaðist ég sérstaklega eftir því að kynna mér verk listamanna frá Líbanon og skræði hjá mér nöfn þeirra. Ég, Marianne og Birta settum þessa sýningu saman. Við fórum til Beirút sumarið 2017 og hittum listamenn og sýningarstjóra og skoðuðum söfn. Við hittum marga þeirra listamanna sem eiga verk á þessari sýningu.“

Spennandi sýning

Sýningin var sýnd í Ystad síðastliðið haust og lauk í síðasta mánuði. Nú er hún komin fyrir augu íslenskra safngesta. „Fólki hefur fundist sýningin spennandi,“ segir Ýrr. „Ein af ástæðunum fyrir því að ég vildi gera þessa sýningu er að þegar ég kom til Beirút fékk ég allt aðra mynd en ég hafði áður haft í huganum. Myndin sem margir eru með af Beirút er að hún sé borg hörmunga og vissulega sér á húsum vegna stríðsátaka. Hins vegar er mikið líf í Beirút og þar er mikið um að vera. Fólk er líka einkar gott og skemmtilegt. Þessi sýning gefur möguleika á að sýna aðra mynd og dýpri en við fáum venjulega af Miðausturlöndum.“



„Verkin sýna hvernig það er að vera manneskja í þessum heimi,“ segir Ýrr Jónsdóttir, en hún er ein af sýningarstjórunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Flugeldasýning sem gleymist ekki

TÓNLIST

★★★★★

Verk eftir Prókofiev, Brahms og Atla Heimi Sveinsson.

Einleikari: Denis Kozhukhin.
Stjórnandi: Antonio Méndez.

Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 7. febrúar

Lífið er stutt og listin löng; það á sérstaklega við um sínfóníu eftir Brahms. Einhver gagnrýnandi lét hafa þessi orð eftir sér. Víst er að sínfónía nr. 4 sem leikin var á tónleikum Sínfóníuhljóm- sveitar Íslands á fimmtudagskvöldið var í lengri kantinum. Það gerði þó ekkert til, því hún var svo falleg.

Í klassískri tónlist skiptir úrvinnsla grunnhugmyndarinnar höfuðmáli. Ekki er nóg að endurtaka bara stefið aftur og aftur, líkt og í poppmúsík. Í fjórðu sínfóníu Brahms er framvindan, þ.e. úrvinnslan, samt tiltölulega hófsöm. Söguþráðurinn er talsvert lágstemmdari en í sínfóníu eftir Sibelius eða Tsjajkovski. Tónlistin er blátt áfram, einlæg og heiðarleg. Í takt við þetta var túlkun hljóm-



„Ég lýsi hér með yfir stofnun aðdáendaklúbbs Kozhukhins á Íslandi“

sveitarinnar undir stjórn Antonio Méndez fremur hrá, það var ekki mikið nostrar við smáatriði. Stóru línurnar voru vissulega til staðar, en flutningurinn var eins og málverk sem þolir ekki nálægð. Engu að síður var leikurinn svipsterkur og tignarlegur, og hrifandi tónlistin komst því þrýðilega til skila.

Af allt öðru sauðahúsi voru

Örsmá eilífðarbrot eftir Atla Heimi Sveinsson. Þetta er gamalt verk, samið 1982. Ólíkt sínfóníunni eftir Brahms var atburðarásin djörf, kröftug og ævintýraleg. Tónlistin virkaði sem einskona hugstreymi. Allskonar hugmyndir skutu upp kollinum og þær fengu algert frelsi til að verða það sem þær vildu. Frelsið var heillandi því tónlistin

LEIKUR KOZHUKHINS VAR MAGNAÐUR.

HANN VAR YFIRMÁTA GLÆSILEGUR TÆKNILEGA SÉÐ OG SVO SPENNUÞRUNGINN OG OFSAFENGINN AÐ MAÐUR LEITAÐI ÓSJÁLFRÁTT AÐ BELTUM Í SÆTINU TIL AÐ HENDAST EKKI TIL OG FRÁ

kom stöðugt á óvart. Anna Guðný Guðmundsdóttir lék á píanó, sem var í aðalhlutverki, nánast eins og um píanókonert væri að ræða. Hún spilaði af yfirburðum, tæknilegri færni og listrænni dýpt. Útkoman var afar skemmtileg.

Toppurinn á dagskránni var svo annar píanókonertinn eftir Prókofiev. Einleikari var Denis Kozhukhin, en hann vann keppni Elisabetar drottningar í Brussel fyrir tæpum áratug. Keppnin er ein sú virtasta í heiminum og þess má geta að sjálfur Ashkenazy hlaut þar fyrstu verðlaun árið 1956.

Skemmt er frá því að segja að leikur Kozhukhins var einhver

mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu. Konsertinn eftir Prókofiev er afar krefjandi, en Kozhukhin hafði ekkert fyrir honum. Hann kastaði honum fram úr erminni, eins og stundum er sagt.

Fyrsti kaflinn af fjórum er óvanalegur, hann er að miklu leyti kadensa, þ.e. einleikskafli. Í venjulegum einleikskonert er kadensan yfirleitt í lok fyrsta kaflans og tekur um 20 prósent af honum öllum. Kadensa Prókofiev er hins vegar mun meiri um sig, stórbrotin og hrikaleg.

Leikur Kozhukhins var magnaður. Hann var yfirmáta glæsilegur tæknilega séð og svo spennuþrunginn og ofsafenginn að maður leitaði ósjálfrátt að beltum í sætinu til að hendast ekki til og frá. Svipada sögu er að segja um hina kafla konsertins, sem voru hver öðrum flottari, snarpir, litríkir og skemmtilegir. Hvergi var dauður punktur, maður gapti aftur og aftur. Ég lýsi hér með yfir stofnun aðdáendaklúbbs Kozhukhins á Íslandi. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Tónleikarnir voru snilld og einleikarinn stórkostlegur.

Miklu meira en bara ódýrt



frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L



frá 1.999

Álskóflur



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



4.895

Viðgerðarbretti



Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W

19.999



Háþrýstidæla 1650W

9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk



frá 395



frá 395

Ruslatínur

Hjólbörur 100kg



3.995



Skóflur

frá 995

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrífur



frá 999

Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett

Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Mánudagur

HUGMYNDA
DAGAR

11.–13. mars

Lumar þú á hugmynd að
dagskrárefni?

Hugmyndadagar RÚV verða haldnir í fjórða sinn í mars. Þar geta hugmyndasmiðir, höfundar, framleiðendur og aðrir kynnt hugmyndir að dagskrárefni fyrir dagskrárstjórum RÚV.

Opið er fyrir innsendingar til og með 14. febrúar.

Nánari upplýsingar á ruv.is/hugmyndadagar



okkar allra

RÚV SJÓNVARP

13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2012-2013 Hornafjörður - Dalvíkurbyggð
14.00 Úr Gullkistu RÚV. 91 á stöðinni
14.15 Grammy-verðlaunin The 61st Annual Grammy Awards
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Símon
18.06 Móí
18.17 Klaufabáðarnir
18.26 Ronja ræningjadóttir
18.50 Krakkafréttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífnum, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.00 Attenborough. Stórir fuglar Heimildarþáttur frá BBC þar sem David Attenborough fjallar um strúta, kívifugla og forföður þeirra, filsfuglinn. Allir eru þeir ófleygir og hafa því þurft að reiða sig á hraða og feluliti til að komast af.
20.55 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend Ný, ítölsk þáttaröð byggð á Napóli-sögum rithöfundarins Eleno Ferrante sem farið hafa sigurför um heiminn. Þegar Elena Greco fær símtal um að æskuvinkona hennar, Lila, hafi horfið sporlaust hefst hún handa við að rekja sögu flókinnar vináttu þeirra sem hefst í alþýðuhverfi í Napóli á sjötta áratugnum.
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Leitin að framúrskarandi vinkonu Heimildarmynd um stúlkurnar tvær sem valdar voru úr hópi 2.500 umsækjenda til að fara með hlutverk vinkvennanna Eleno og Lila í þáttum byggðum á Napóli-sögum rithöfundarins Eleno Ferrante. Myndin fylgir ævintýrum stúlkanna frá því að þær mæta fyrst í áheyrnarprufur og þar til þættirnir eru frumsýndir á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.
23.15 Louis Theroux. Heróinborgin Heimildarmynd frá BBC þar sem Louis Theroux fjallar um heróin-misnotkun í bænum Huntington í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum, en um einn af hverjum fjórum bæjarbúum er háður heróíni eða öðrum ópióð-um. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.15 Kastljós Frétta- og mannlífspáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
00.30 Menningin
00.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 AT&T Pebble Beach
13.30 Golfing World
14.20 AT&T Pebble Beach
19.50 PGA Highlights
20.45 Saudi International

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

08.15 Apollo 13
10.35 50 First Dates
12.15 Tootsie
14.10 Gifted
15.50 Apollo 13
18.15 50 First Dates
20.00 Tootsie
22.00 Arrival
00.00 The Interpreter
02.10 The Mountain Between Us
04.05 Arrival
06.55 Never Been Kissed

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Flugur Íslenskur blús, þjóðlög og popp
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Fiðrildi og fantasiur
15.00 Fréttir
15.03 Á slóðum Helga
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Hátalarinn
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit Krakka RÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsgagan. ÖR Fjórdi lestur
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.45 Hanging Up
14.20 Open Season. Scared Silly
15.45 The Immortal Life of Henrietta Lacks Vönduð mynd frá HBO með Oprah Winfrey og Rose Byrne í aðalhlutverkum. Myndin er gerð eftir sannsögu- legri og samnefndri metsölubók og segir sögu bandarísku blökkukonunnar Henrietta Lacks sem ólst upp í fátækt og varð síðar þekkt nafn meðal vísindamanna þar sem líf hennar lagði grunn að mörgum helstu uppgötvunum læknisfræðinnar á okkar tímum án hennar vitundar og leyfis. Sagan er sögð af dóttur hennar og fréttakonunni Rebecca Skloot sem er einmitt höfundur bókarinnar.
17.20 Hanging Up
18.55 Open Season. Scared Silly
20.25 The Immortal Life of Henrietta Lacks
22.00 Careful What You Wish For
23.35 Fathers & Daughters
01.35 We Don't Belong Here
03.05 Careful What You Wish For

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.45 The Middle
08.10 The Mindy Project
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Grand Designs
10.25 Great News
10.45 Born Different
11.10 Óbyggðirnar kalla
11.35 Hönnun og lífsstill með Völu Matt
12.00 Landnemarnir
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance
14.25 So You Think You Can Dance
15.50 The Secret Life of a 4 Year Olds
16.40 The Big Bang Theory
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Veður
20.00 God Friended Me
20.45 Manifest
21.30 Burðardýr
22.05 True Detective
23.10 Hand i hand
23.55 The Little Drummer Girl
00.40 Outlander
01.35 Fear of Water
03.15 I'm Not Your Negro
04.45 Seinfeld

STÖÐ 3

19.05 Modern Family
19.30 Silicon Valley
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Who Do You Think You Are?
21.50 Curb Your Enthusiasm
22.25 Game of Thrones
23.20 Big Love
00.15 Flash
01.00 Supernatural
01.45 Silicon Valley
02.15 Seinfeld
02.40 Friends
03.05 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Bologna - Genoa
09.40 Parma - Inter
11.20 Sassuolo - Juventus
13.00 Getafe - Celta Vigo
14.40 Atletico Madrid - Real Madrid
16.20 Athletic Club - Barcelona
18.00 Spænsku mörkin
18.30 Ítölsku mörkin
19.00 Selfoss - ÍBV
21.00 Seinni bylgjan
22.35 UFC 234. Whittaker vs. Gastelum

STÖÐ 2 SPORT 2

08.05 Aston Villa - Sheffield United
09.45 Stjarnan - FH
11.15 Fulham - Manchester United
12.55 Huddersfield - Arsenal
14.35 Tottenham - Leicester
16.15 Manchester City - Chelsea
17.55 Messan
18.55 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
19.20 Football League Show
19.50 Wolves - Newcastle Bein útsending.
22.00 Brighton - Burnley
23.40 Fiorentina - Napoli

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

RAFMAGNSBORÐ

Á FRÁBÆRU
VERÐI



Öll rafmagnsborð
Hirzlunnar eru með
minnisstýringu
sem hámarkar
notagildi borðsins.

Verð frá kr.

54.900

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

TULLI SKILRÚM

Margar stærðir til á lager,
hægt að sérpanta í mörgum
litum og áklæðagerðum.

Verð frá kr.
39.900



SKJÁ- ARMAR

11.900 KR.



20.900 KR.

Af hverju ætti **Vogue** að hafa samband við mig?

Pálína Axelsdóttir Njarðvík hefur vakið svo mikla athygli á Instagram að Vogue.com fjallaði um hana á vefsíðu sinni á dögnum undir yfirskriftinni: „Hittið vinsælasta fjárbónda Íslands á Instagram!“

Pálína, sem er 27 ára háskólanemi og alin upp á Eystra-Geldingaholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, hefur í fjögur ár haldið úti Instagram-síðunni FarmlifeIceland þar sem hún birtir myndir af lífinu í sveitinni. Myndir af kindum og lömbum eru áberandi á síðunni hennar og fallegar myndirnar vöktu athygli starfsmanna Vogue World en fylgjendur síðunnar eru komnir yfir 36 þúsund.

Núorðið býr Pálína í Hlíðunum ásamt bróður sínum en bæði fluttu þau í bæinn til að stunda nám við Háskóla Íslands. „Ég er að skrifa mastersritgerð í hagnýtri sálfræði og hann er á fjórða ári í læknisfræði.“ Pálína sem alin er upp í sveitinni hjá foreldrum sínum, þeim Axel Árnasyni Njarðvík og Sigbrúði Jónsdóttur, segist alltaf fara heim þegar færi gefst. „Ég er heima allan sauðburðinn, yfir jólin og alltaf þegar ég kemst frá skólanum. Mér finnst nauðsynlegt að koma sem oftast heim, sveitin er enn heim þó ég hafi í raun ekki haft fasta búsetu þar síðan ég var í grunnskóla. Það er gaman að fara í fjárhúsið, hjálpa til og hitta kindurnar mínar. Mér þykir afskaplega vænt um þær eins og ég vona að allir sem skoða Instagrammið sjái.“ Eystra-Geldingaholt hefur verið í eigu móðurættar Pálinu í sex kynslóðir en þar stunda móðursystkini hennar fjárbúskap með um 300 sauðfjár.



Pálína segir fólk oft hissa á því að hún þekki kindurnar sínar í sundur en hún svarar því: „Hvernig ætti ég ekki að þekkja vinkonur mínar í sundur?“



Skjaskot af Vogue.com þar sem birtust tvö myndbönd af sveitalífi Pálinu.

Kindurnar komu henni á forsiðu Vogue.com

Aðspurð hvernig sveitastelpa í Gnúpverjahreppi endar í grein hjá Vogue svarar Pálína: „Ég býst við að

einhver þeirra sem sjá um Vogue-world hafi einfaldlega rambað á Instagrammið mitt og fundist það áhugavert. Ég fékk tölvupóst, sem ég reyndar sá ekki þannig að ég



Pálína segir að sér þyki vænt um kindurnar og hún vonast til að þeir sem skoði Instagram-reikninginn hennar fái það á tilfinninguna.

ÉG VIL SÝNA FÓLKI HVERNIG ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR ER. HVERNIG LANDBÚNAÐUR Á AÐ VERA AÐ MÍNU MATI. AÐ VEL SÉ HUGSAÐ UM BLESSAÐAR SKEPNURNAR OG AÐ ÞÆR SÉU ALLAR EINSTAKAR, HVER MEÐ SINN PERSÓNLEIKA.

Vill sýna fólk hvernig landbúnaður á að vera

„Það er væntanlega slatti af fólk sem sér þetta og skodar þar af leiðandi Instagrammið mitt sem er gott. Ég vil sýna fólk hvernig íslenskur landbúnaður er. Hvernig

landbúnaður á að vera að mínu mati. Að vel sé hugsað um blessaðar skepnurnar og að þær séu allar einstakar, hver með sinn persónuleika. Fólk er oft hissa á að ég þekki kindurnar mínar í sundur, en hvernig ætti ég ekki að þekkja vinkonur mínar í sundur? Ef fólk vill á



fékk annan tölvupóst þar sem ég var spurð hvort ég hefði séð þann fyrri. Þannig að ég missti næstum af þessu. Ég hélt fyrst að þetta væri eitthvert grín. Af hverju í ósköpunum ætti Vogue að hafa samband við mig, er það ekki tiskutímarit? Ég veit ekki neitt um tisku! En mér fannst það nú frekar töff, að kindurnar mínar komi mér á forsiðu Vogue.com. Mér hefði aldrei dottið það í hug.“ Pálína segist hafa fengið góð viðbrögð við umfjölluninni og fólk finnst þetta greinilega skemmtilegt.

annað borð halda áfram að borða kjöt, þá verður það að hugsa um það hvaðan það kemur og hvers konar landbúnað þú ert að styrkja þegar þú kaupir matinn þinn. Ég vil samt taka það fram að kindurnar sem eru vinkonur mínar eru gæludýr, þær lifa þangað til þær deyja af eðlilegum orsökum, þá jarða ég þær og græt. Sumum finnst það svolítil hræsní að borða sumar kindur og elska aðrar. En það er samt ekkert öðruvísi en að elska hundinn sinn og borða svo lambakjöt.“ bjork@frettabladid.is

Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is

Skál fyrir hollustu



BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Nefið

Viltu giftast mér? sagði gyðingurinn sem varð á vegi mínum í hinni helgu borg Jerúsalem. „Mig hefur alltaf langað að giftast bláeygðri konu með litíð fingert nef.“ Mér hafði ekki enn gefist tækifæri til að segja honum að ég væri gift þegar hann var farinn að reyna að stjórna mér. Símahulstrið mitt var til dæmis ekki í réttum lit.

Þetta væri ekki frásögur færandi nema vegna þess að ég var með minnimáttarkennd gagnvart nefinu mínu fram á fullorðinsár. Passaði lengi vel að enginn sæi það á hlið því mér fannst það alltof stórt.

Eftir bónorðið fór ég að horfa kringum mig og sá að nefið mitt var alls ekki svo stórt í samanburði við önnur nef þarna sem ég var stódd.

Á íslenskan mælikvarða var það samt nógu stórt til þess að sögu-kennari í Verzlunarskólanum notaði það sem sýnishorn þegar ég var sextán. Hann benti á mig og sagði: „Þú, horfðu á hlið. Sjáðu krakkar, hún gæti verið með grískt nef.“ Við vorum að læra um sögu Grikklands.

Minnimáttarkenndin rak mig til lýtalæknis sem sá ekki ástæðu til að gera aðgerð. Mikíð var ég fegin en samt ekki. Það var ekki fyrr en ég eignaðist börnin mín og þroskaðist að ég hafði ekki tíma eða áhuga á að spá í nefið á mér. Að ég áttaði mig á að flestum er nett sama um nefið á mér.

Þegar maður hugsar til baka þá er ferlegt að eyða tíma og orku í að vera ofur meðvitaður um einhvern líkamspart. Það sem einum þykir fallett fellur ekki endilega að smekk annars. Sama hvaða lýti við teljum að við höfum þá skilgreindir það okkur ekki. Það sem mér finnst skilgreina mig er hvern hug ég ber til sjálfrar mín og annarra. Þegar maður sleppir svona sleggjudómum þá öðlast sálin hugarró. Og þar er gott að dvelja.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

TORTILLA OG GOS* COMBO VERÐ: 499 KR




*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

Hafðu app á hreinu!

Við erum enn í skýjunum og stútfull af takklæti yfir að eiga ánægðustu vinina í farsímapjónustu, tíunda árið í röð.

En við vitum líka að það er alltaf hægt að gera betur. Þess vegna viljum við færa ykkur flunkusplunkunýja og miklubetrumbætta útgáfu af Nova appinu.



ÍSLENSKA
ÁNÆGJU
ÖGIN

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is